ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 26. ágúst 1998 • 34. tbl. • 15. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

„Tvö kraftaverk“ segir Páll Kristjánsson

Sjá baksíðu.

Ísafjörður

Lóð fyrir skóla?

Ekki verður hér lagður dómur á þær hugmyndir sem fram hafa komið manna á meðal síðustu daga, að lóðamál Grunnskólans á Ísafirði hafi verið leyst með eldsvoðanum í Aðalstræti 32 um helgina. Þær skoðanir hafa heyrst, að nær sé að rífa þetta gamla hús eftir skemmdirnar fremur en að gera við það, og fá þá pláss fyrir skólabyggingu í staðinn.

Sjá nánar á bls. 9.

Aðalstræti 32 í árdaga. Þar var aðsetur Björns Pálssonar ljósmyndara á árunum 1891-1916, en Björn var sá fyrsti sem rak ljósmyndastofu á Ísafirði. Til vinstri sést í gaflinn á gamla barnaskólanum áður en bætt var annarri hæð ofan á hann árið 1901.



Leitinni að ódýru sólpallaefni lýkur hjá Ágústi og Flosa!!!

ÓDÝRASTA PARKETIÐ Í BÆNUM!
AÐEINS KR. 1.595,- PR. M²
INNVEGGJAEFNI Í ÚRVALI!

ÁGÚST & FLOSI ehf
BYGGINGAVERKTAKAR
Sími 456 5500

Bæjarins besta

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
☎ 456 4560
456 4564
Netfang prentsmiðju:
hprent@snerpa.is
Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson
Blaðamaður:
Hlynur Þór Magnússon
Netfang ritstjórnar:
bb@snerpa.is

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Menn orða sinna

Leiðari

„Nú reynir á ríkisstjórnina og ekki síst viðskiptaráðherra: Eru þeir menn orða sinna. Loforðið var að ríkisbankarnir yrðu gerðir að hlutafélögum og látnir í friði í fjögur ár til að styrkja stöðu sína. Þetta loforð var einfalt og skýrt og í minni hvers barns, svo ekki sé talað um starfsmenn bankanna."

Þetta hafði Guðni Ágústsson, einn þingmanna Framsóknarflokksins að segja um þann draum flokksbróðurs síns, viðskiptaráðherra, að selja Wallenbergunum ráðandi hlut í Landsbanka Íslands hf, sem þjóðin hefur litið á sem lykilstofnun og bakhjarl þess atvinnuvegar, sem við höfum lifað á og munum væntanlega lifa á í náinni framtíð þrátt fyrir mikinn uppgang fyrirtækja þar sem verðmætasköpun er óþekkt hugtak, en pókerspilarinn nýtur sín þeim mun betur. Og þingmaðurinn hélt áfram: „Ég trúi enn á pólitíska siðfræði og þingið verður ekki hljóðalaust um þetta." og átti þá við söluna á Landsbankanum.

Rifjum upp velmeinta áætlun forsætisráðherra um fjölgun íbúa á landsbyggðinni. Vel má vera að þyki einföldun, en halda menn að betur gangi að ná markmiðum þeirrar áætlunar með stöðugri fækkun þjónustustarfa á landsbyggðinni? Lokun loftskeytastöðvarinnar á Ísafirði ein og sér telur kannski ekki mikið. En er stórt hlutfall þegar af litlu er tekið. Og þegar því er einu til svarað, að staðsetning starfsmanna loftskeytastöðvanna skipti stöðugt minna máli, tæknilega séð, hví er þá sjálfgefið að öllu sé stjórnað frá Reykjavík? Virkar tæknin bara á annan veginn?

Geta fleiri byggðarlög átt von á trakteringu líkt og Húsvíkingum var skenkt fyrir nokkru? Hvar standa íbúar landsbyggðarinnar ef höggvið er á lífæðina, flugið, sem tengt hefur strjálbýlið við höfuðborgina öðru fremur? Rauðakrossmerkið á læknabílunum tekur sig eflaust vel út, en það kemur ekki í stað þess öryggis, sem flugið hefur veitt.

Á komandi þingi mun á fleiri sviðum en í Landsbankamálnu reyna á hvort þingmenn eru menn orða sinna. Hvort loforðin reynast innantómt skrum og glansprentuðu fyrirheitin ekki pappírsins virði. Þetta á jafnt við um óbreytta, sem ráðherra, stjórnarherra og stjórnarandstöðu.

Þá reynir á hvort þingmenn almennt eru í trúarhópi Guðna Ágústssonar, sem enn (þrátt fyrir allt?) kveðst trúa á pólitíska siðfræði.

s.h.

Framhaldsskóli Vestfjarða settur

Nemendum fjölgar

– tölvukerfi FVÍ er eitthvert hið fullkomnasta og nýtískulegasta sem til er í íslenskum skóla

Hátíðasalur Framhaldsskóla Vestfjarða var þéttsetinn þegar skólinn var settur við hátíðlega athöfn á sunnudaginn, viku fyrr en venjulega, en vegna reglugerðarbreytingar byrjar skólahald nú fyrr en áður sem því nemur. Nemendur á haustönn verða nú heldur fleiri en í fyrra. Skráðir nemendur í dagskóla eru 277 en í öldungadeild 33, þannig að nemendafjöldi alls er 210 manns.

Í setningarræðu Björns Teitssonar skólameistara kom fram, að litlar breytingar verða á starfsliði. Nýir kennarar í fullu starfi eru þær Agnes Karlsdóttir viðskiptafræðingur, fyrrum nemandi skólans, og Ásgerður Bergsdóttir íslenskufræðingur.

Á síðastliðnu vori var tekinn í notkun breskur vélhermir í verkmenntahúsi skólans og batnaði þá sérstaklega kennsluaðstaða á vélstjórnarbraut.

Í sumar hefur Gylfi Gunnarsson rafeindavirkjameistari og kennari við skólann unnið að endurbótum á tölvukerfi skólans. Hægvirkustu og elstu tölvurnar hafa verið teknar úr notkun en nýjar keyptar og eru nú harðir diskar í öllum tölvum. Segja má að nú sé elsti hluti tölvubúnaðar skólans aðeins þriggja ára gamall, en mikið af honum er alveg nýtt. Aðstaða nemenda til tölvunotkunar í skjáveri skólans hefur verið bætt verulega frá síðasta skólaári og geta þeir sett upp sínar eigin heimasíður á netinu. Tölvukerfi skólans er nú eitt hið fullkomnasta og nýtískulegasta sem til er í íslenskum framhaldsskóla. Sótt hefur verið um það til menntamálaráðuneytisins, að skólinn fái að verða annar tveggja fyrirhugaðra kjarnaskóla á framhaldsskólastigi á sviði upplýsingatækni.

Í vor var gengið frá samkomulagi fimm aðila, Háskólans á Akureyri, Framhaldsskóla Vestfjarða, Fjórðungssambands Vestfirðinga, Heilbrigðisstofnunarinnar í Ísafjarðarbæ og Ísafjarðarbæjar, um fjarkennslu á háskólastigi í hjúkrunarfræði og er hún þegar byrjuð. Einnig hefur verið undirrituð viljayfirlýsing um samstarf við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands um samstarf um rekstur fjarnáms á Ísafirði.

Við skólasetninguna flutti Halldór Halldórsson bæjarstjóri ávarp, en hann hefur verið einn helsti hvatamaður að samvinnu skólans við ýmsa aðra aðila um fjarkennslu á háskólastigi. Guðrún Jónsdóttir söngkona og kórstjóri söng einsöng við undirleik Margrétar Gunnarsdóttur pianóleikara og við lok athafnarinnar söng þingheimur allur (eða því sem næst) ættjarðarljóð við undirleik Margrétar.

Framhaldsskóli Vestfjarða á Ísafirði

Fyrirlestrasalur af fullkomnustu gerð

Verið er að innrétta glæsilegan fyrirlestrasal með hallandi gólfi á 1. hæð bóknámshúss Framhaldsskóla Vestfjarða á Ísafirði og er það verk í höndum Eiríks og Einars Vals hf. Eftir er að setja upp sæti og borð, en það verður væntanlega gert eftir nokkrar vikur. Síðan vantar ýmsan tækjabúnað, en gert er ráð fyrir að hann verði í samræmi við það sem best gerist í öðrum fyrirlestrasölum hérlendis og þótt víðar væri leitað. Vegna kostnaðar er hæpið að allur sá búnaður komist upp í einu.

Salur þessi mun fáum kunnur, en hann hefur staðið lokaður og hrár allt frá því að skólahúsið var tekið í notkun fyrir hálfum öðrum áratug. Þegar salurinn kemst í gagnið mun aðstaða til fyrirlestra og ráðstefnuhalds á Ísafirði batna stórlega, en notkun hans verður alls ekki einskorðuð við starfsemi skólans.

Bolungarvík

Rafsjá með myndlyklana

Útsendingar Sýnar á norðanverðum Vestfjörðum voru auglýstar í heilsíðuauglýsingu hér í blaðinu í síðustu viku. Auglýsingin var villandi að því leyti, að þar kom aðeins fram að Sýn næðist nú á Ísafirði og í Hnífsdal, en ekki var minnst á Bolungarvík, þar sem stöðin næst einnig.

Það skal einnig tekið fram, að umboðsmaður Stöðvar 2 og Sýnar í Bolungarvík er Rafsjá (Bjarni Jóhannsson) og þar fást myndlyklarnir fyrir Bolvíkinga.

Héraðsdómur Vestfjarða

Tveir sækja um

Eins og fram kom hér í blaðinu fyrir nokkru lætur Jónas Jóhannsson héraðsdómari á Vestfjörðum af embætti hér um mánaðamótin eftir sjö ára starf og flyst í sömu stöðu í Hafnarfirði.

Tveir sóttu um starf héraðsdómara með fast sæti við Héraðsdóm Vestfjarða, eins og það er nú orðað samkvæmt nýrri skipan, þeir Erlingur Sigtryggsson, aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra, og Már Pétursson, aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjaness og fyrrum héraðsdómari.

Verður Ísafjarðarflugi hætt?

Uggur er í ýmsum vegna skyndilegrar ákvörðunar Flugfélags Íslands að hætta flugi til Húsavíkur, en þar eru íbúar litlu færri en á Ísafirði. „Sama ástand vofir yfir öðrum“, var haft eftir Halldóri Blöndal samgönguráðherra í blaðaviðtali um síðustu helgi.

Flugfélag Íslands hefur verið eitt um hituna í Húsavíkurflugi eins og í Ísafjarðarfluginu síðustu mánuði. Á báðum stöðum hefur verið mikil óánægja með þjónustu félagsins og meinta óstundvísi og óáreiðanleika og á báðum stöðum hafa bæjaryfirvöld látið þau mál til sín taka.

Eftir rúman mánuð verður endurbygging flugstöðvarinnar á Ísafjarðarflugvelli vígð, en kostnaður við þær framkvæmdir er talinn verða um 70 milljónir króna. Það væri nokkuð sérstætt ef það bæri upp á sama daginn, að flugstöðin nýja yrði vígð með pompi og prakt og flugsamgöngum við Ísafjörð yrði hætt.

Ísafjarðarflugvöllur.

Væri þar e.t.v. komið hentugt húsnæði fyrir Grunnskóla Ísafjarðar? Flugbrautin væri tilvalin sem kvartmílubraut.

Ísafjörður

Lokun Loftskeytastöðvarinnar mótmælt

Stjórn Björgunarbátasjóðs Slysavarnafélags Íslands á Vestfjörðum lýsir yfir þungum áhyggjum vegna fyrirhugaðrar lokunar Loftskeytastöðvarinnar á Ísafirði í haust. Í bókun á stjórnarfundi sjóðsins segir, að staðþekking starfsmanna skipti öllu máli á örlagastund fyrir öryggi sjófarenda á svæði stöðvarinnar. „Þekkt eru dæmi þess, þar sem þekking á staðháttum skiptir máli varðandi útköll björgunarmanna, þar sem loftskeytastöð annars staðar á landinu leiðbeinir rangt sökum engrar eða lítillar þekkingar á staðháttum. Því mótmælir stjórn Björgunarbátasjóðs SVFÍ á Vestfjörðum harðlega lokun Loftskeytastöðvarinnar á Ísafirði og mælist til að hætt verði við hana.“

Stjórn Björgunarbátasjóðs SVFÍ á Vestfjörðum er sérdeild innan SVFÍ, sem hefur það hlutverk að sjá um rekstur björgunarskipsins Gunnars Friðrikssonar, en það er staðsett á Ísafirði.

Stjórn karladeildar SVFÍ á Ísafirði hefur einnig mótmælt harðlega lokun stöðvarinnar og skorað á yfirvöld að endurskoða þessa ákvörðun.

FRAMSÓKNARFLOKKURINN

Vestfirðingar

Framsóknarflokkurinn boðar til fundar á Hótel Ísafirði
þriðjudaginn 1. september kl. 12.15.
Þar munu ráðherrar flokksins sitja fyrir svörum.

Boðið verður upp á súpu og kaffi

Fundurinn er öllum opinn og Vestfirðingar hvattir til þess að mæta og taka þátt í fundinum

FRAMSÓKNARFLOKKURINN

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði óskar að ráða

RÆSTITÆKNI (starfsmann í ræstingar)
í 100% stöðu við ræstingar og störf í býtibúri frá kl. 11:30-19:30 á virkum dögum.
Tilvalið fyrir tvo starfsmenn í hlutastarfi.

RÆSTITÆKNI í 70% stöðu við ræstingar og störf í býtibúri á legudeild.
Vinnutími er frá kl. 7:30-15:30 virka daga og aðra hverja helgi.

Umsóknarfrestur er til fimmtudagsins 3. september nk.
Upplýsingar veita ræstingarstjóri (fyrir hádegi) og hjúkrunarforstjóri í síma 450 4500.

Hárgreiðslunemi óskast

Óskum eftir að ráða nema í hárgreiðslu. Áhugasamir sæki um fyrir mánaðamót.

Hárgreiðslustofan Ametyst
Aðalstræti 22, Ísafirði, sími 456 3310.

Dótturfyrirtæki Vélsmiðjunnar Þryms

Frystikerfi ehf. á Ísafirði

Vélsmiðjan Þrymur á Ísafirði er aðaleigandi fyrirtækisins Frystikerfa ehf., sem hefur byrjað starfsemi á Ísafirði með opnun útibús í húsnæði Þryms við Suðurgötu. Útibúið sér um alla almenna þjónustu og viðgerðir á kæli- og frystitækjum á Vestfjörðum, allt frá Hólmavík til Patreksfjarðar og norður um til Bolungarvíkur.

Frystikerfi ehf. annast sölu og þjónustu á frysti- og kælibúnaði fyrir frystihús í landi, ásamt viðgerð og þjónustu fyrir fiskiskipaflotann. Viðgerðir og viðhald á kælimiðlum til heimilisnota og í veitinga- og verslunarrekstri eru einnig ríkur þáttur í starfseminni.

Tækni- og þjónustudeild Frystikerfa ehf. er í Reykjavík en aðalskrifstofa fyrirtækisins er á Ísafirði og framkvæmdastjóri er Pétur Jónasson, sem einnig er framkvæmdastjóri Þryms.

Flateyri

Guðjón Petersen í sérverkefni

Guðjón Petersen, fyrrum forstöðumaður Almannavarna og síðan bæjarstjóri í Snæfellsbæ síðustu tvö árin hefur verið ráðinn í sérverkefni hjá Ísafjarðarbæ varðandi málefni Flateyrar, og tók hann til starfa í gær. Verkefni hans er að gera úttekt á stöðu mála eftir snjóflóðið, hvað óunnið er og hvernig það skal unnið, hvaða loforð liggja fyrir af hálfu stjórnvalda o.s.frv.



Ragnar Sólberg Rafnsson, gítarleikari, söngvari, tónskáld og textasmiður. Allt hverfið veit þegar þeir bræðurnir eru komnir í bæinn, vegna þess að þeir æfa sig iðulega í kjallaranum hjá afa og ömmu í Tangagötunni.

Tólf ára tónlistarmaður

Gefur út disk með frumsömdum lögum og textum

– æfir sig í kjallaranum hjá afa og ömmu í Tangagötunni á Ísafirði

Tólf ára tónlistarmaður, Ragnar Sólberg Rafnsson, er nú í þann veginn að senda frá sér fyrsta geisladiskinn sinn þar sem hann er ekki aðeins hljóðfæraleikari og söngvari ásamt völdum hópi tónlistarfólks, heldur hefur hann einnig samið bæði lögin og textana. Ragnar Sólberg er rakinn Vestfirðingur að uppruna, þótt hann sé búsettur í Hafnarfirði. Hann á ekki langt að sækja tónlistarhæfileikana, því faðir hans er tónlistarmaðurinn Rafn Jónsson (Rabbi), sem er úr Súgandafirði, en móðir hans er Friðgerður Guðmundsdóttir sérkennari frá Ísafirði.

Í síðustu viku var töluvert tilstand í hinum nýju vistarverum flugstöðvarinnar á Ísafjarðarflugvelli, þar sem sjálfur Spessi var mættur til að taka myndir af tónlistarmanninum unga til að setja utan á geislaplötuna. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum er litasamsetningin óneitanlega sérstæð og var myndatökustaðurinn valinn með hliðsjón af því.

Sjö lög eru á plötunni og til þess að flytja þau safnaði Ragnar saman úrvalshópi tónlistarfólks. Hann fékk til liðs við sig bróður sinn, Egil Örn Rafnsson, sem er fjórum árum eldri, og vin hans, einnig Heiðar Örn Kristjánsson söngvara í Botnleðju og söngkonu úr hljómsveitinni Woofer, en Egill Örn er einnig í þeirri hljómsveit. Hann hefur einnig fengist við lagasmíðar, að sögn Ragnars. Platan heitir Upplifun og kemur væntanlega út um miðjan næsta mánuð. Hljóðfæraskipan á plötunni er gítar, fiðla, trommur og bassi.

Ragnari er ekki kunnugt um að svo ungur tónlistarmaður hafi áður gefið út plötu hérlendis með eigin lögum og textum. Hann hefur stundað nám í Gítarskóla Íslands hálfa ævina eða frá því að hann var sex ára. „Nei, pabbi hjálpaði mér ekkert við þetta, nema við upptökurnar og að koma mér á framfæri“, segir Ragnar.

– Veistu hvað honum finnst um lögin þín og textana?

„Nei, reyndar ekki, en ég vona bara það besta.“

– Ertu ekki orðinn mjög góður gítarleikari eftir sex ára nám?

„Það er nú erfitt fyrir mig að dæma um það. Þó held ég að það sé þokkalegt miðað við aldur.“

– Hver er stefnan hjá þér í framtíðinni?

„Ég stefni að því að verða tónlistarmaður og lifa fínu lífi.“

– Kvíðirðu því þegar diskurinn kemur út og gagnrýnendur fara að skrifa um hann, eða hlakkarðu til?

„Ég hlakka til að sjá hvernig viðbrögðin verða.“

Ragnar Sólberg kemur alltaf vestur á Ísafjörð um páskana og síðan er hann hér á sumrin. Amma hans í föðurættina er Ragna Sólberg á Ísafirði, en afi hans og amma í móðurættina eru Guðmundur Guðmundsson stefnuvottur og Rebekka Jónsdóttir. Þau búa í Tangagötunni, og að sögn Friðgerðar móður Ragnars veit allt hverfið þegar þeir bræðurnir eru komnir í bæinn, vegna þeir æfa sig iðulega í kjallaranum hjá afa og ömmu.

Hér eru Spessi og Ragnar Sólberg að ræða málin.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI

Símar:456 3940 & 456 3244 • Fax: 456 4547 • Netfang: tryggvi@snerpa.is

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Bakkavegur 39: 201 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt **innb. bílskúr. Áhv. ca. 845 þús. Verð kr. 13,500,000,-**

Góuholt 1: 142 m² einbýlishús í góðu standi á einni hæð ásamt **bílskúr. Laust strax. Áhv. ca. 5,8 millj. Verð kr. 11,600,000,-**

Góuholt 3: 140,7 m² einbýlishús á einni hæð ásamt **bílskúr. Möguleg skipti á minni eign. Áhv. ca. 2,7 millj. Verð kr. 12,000,000,-**

Hafraholt 22: 144,4 m² enda raðhús á tveimur hæðum ásamt **22,4 m² bílskúr. Áhv. ca. 2,5 millj. Verð kr. 9,500,000,-**

***Heiðarbraut 12:** 221 m² einbýlishús á tveimur hæðum, **hægt að gera að tveimur sjálfstæðum íbúðum. Verð kr. 10,500,000,-**

Hjallavegur 4: 242 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt **bílskúr. Fallegt útsýni. Tilboð óskast**

Hjallavegur 19: 242 m² einb.hús á 2 hæðum ásamt **innbyggðum bílskúr. Sér íbúð á n.h. Ýmis skipti möguleg. Áhv. ca. 5 millj. Verð kr. 11,500,000,-**

Kjarrholt 2: 173,6 m² einbýlishús á einni hæð ásamt **góðum tvöföldum bílskúr. Áhv. ca. 3,7 millj. Verð kr. 13,200,000,-**

Móholt 3: 142,4 m² einbýlishús á einni hæð ásamt **bílskúr. Áhv. ca. 2,2 millj. Möguleiki á að lán fylgi upp á 7,1 millj. Verð kr. 11,000,000,-**

Silfurgata 9: 150 m² einb.hús á 2 hæðum + **geymsla, kjallari, skúr og góður garður. Áhv. ca. 2,6. Mögul. á sölu m/yfirtöku fl. lána, engin útborgun. Verð kr. 6,900,000,-**

Skipagata 11: 78,4 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt **eignarlóð. Áhv. ca. 1,7 millj. Verð kr. 4,500,000,-**

Stakkanes 4: 144 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. **Skipti möguleg á eign á Eyrinni. Áhv. ca. 3,5 millj. Verð kr. 9,900,000,-**

Tangagata 15b: 103 m² einb.hús á 2 hæðum ásamt geymsluskúr (nýtist sem herbergi). Laust fljótl. Áhv. ca. 3,3 millj. **Verð kr. 6,200,000,-**

Urðarvegur 26: 236.9 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. **Ekkert áhvílandi. Verð kr. 11,800,000,-**

4-6 herbergja íbúðir

Fjarðarstræti 38: 130 m² 4 herb. íbúð á tveimur hæðum í þríbýlishúsi. **Áhv. ca. 3,4 millj. Möguleiki á lánum að fjárhæð 4,9 millj. Verð kr. 7,000,000,-**

Hafnarstræti 6: 158 m² 6 herb. íbúð á 3ju hæð í fjölbýli. **Skipti á minni eign möguleg. Áhv. ca. 3,2 millj. Verð kr. 7,500,000,-**

Hjallavegur 12: 113,9 m² 4-5 herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Áhv. ca. 1,9 millj. Verð kr. 5,500,000,-**

Pólgata 5a: 121 m² nýlega uppgerð 4ra herb. íbúð á n.h. í þríb.húsi ásamt **bílskúr og helm. kjallara. Íbúðin er laus strax. Verð kr. 6,300,000,-**

Seljalandsv. 20: 161,2 m² 5-6 herb. íbúð á efri hæð í tvíb.húsi ásamt **bílskúr. Íbúðin mikið uppgerð. Áhv. ca. 5,2 millj. Verð kr. 10,700,000,-**

Stórholt 9: 164,30 m² 6 herb. íbúð á 1. h.t.v. ásamt **kjallara m/sér inngangi. Hægt er að ganga í garð af svölum. Áhv. ca. 3,8 millj. Verð kr. 8,000,000,-**

Tangagata 8a: 106,5 m² 4-5 herbergja íbúð á þremur hæðum. **Tilboð.**

Túngata 18: 89,2 m² 4ra herb. íbúð í fjölb.húsi í góðu standi. Húsið allt uppgert. **Mögul.sk. á minni eign. Áhv. ca. 3,6 millj. Verð kr. 6,900,000,-**

Sunnuholt 6

231,7 m² rúmgott einb.hús á 2 hæðum ásamt bílskúr. **Skipti á minni eign mögul. Í kjallara er 60 fm einstakl.íbúð. Verð kr. 13,500,000,-**

Urðarvegur 25: 154,6 m² **Hraunprýði** – 5-6 herb. íbúð að hluta á 2 hæðum, í tvíb.húsi ásamt **bílskúr. Skipti á ódýrari eign mögul. Áhv. ca. 1,7 millj. Verð kr. 9,300,000,-**

3ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 20: 98 m² íbúð á 2. hæð t.h. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Áhv. ca. 4,2 millj. Verð kr. 7,200,000,-**

Brunngata 12a: 68 m² íbúð á efri hæð, að hluta undir risi, í tvíb.húsi ásamt **sér geymslu. Áhv. ca. 2 millj. Verð kr. 3,000,000,-**

Fjarðarstræti 13: 80 m² íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Tvö **aukaherbergi**, eitt í kjallara og eitt í risi. **Áhv. ca. 1,5 millj. Verð kr. 5,700,000,-**

Sólgata 8: 80 m² íbúð á neðri hæð í þríbýlishúsi. **Möguleg skipti á stærri eign. Áhv. ca. 3 millj. Verð kr. 5,800,000,-**

Stórholt 13: 86,3 m² íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu og **bílskúr. Verð kr. 6,200,000,-**

Túngata 21: 84,9 m² íbúð á 1. hæð í þríb.húsi ásamt **bílskúr. Áhv. ca. 3,8 millj. Mögul. á sölu m/útb. 200 þús og rest í júlí ´99. Verð kr. 6,500,000,-**

2ja herbergja íbúðir

Hlíðarvegur 18: 64,5 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Áhv. ca. 1,7 millj. Tilboð**

Túngata 18: 53,4 m² íbúð í góðu standi á 3ju hæð fyrir miðju í **nýlega uppgerðu fjölbýlishúsi. Sér geymsla. Áhv. ca. 400 þús. Verð kr. 5,500,000,-**

Túngata 20: 53,4 m² íbúð á 3. hæð í fjölb.húsi í góðu standi. Húsið nýlega gert upp að utan. **Áhv. ca. 2 millj. Verð kr. 4,900,000,-**

Súðavík

Holtagata 26: 86,9 m² parhús á einni hæð byggt 1996. **Verð kr. 5,500,000,-**

Framkvæmdastjórar sjúkrahúsa á Íslandi

Í „konvoj“ um vestfirskan tröllaveg

– og komið við á Hrafnseyri, þar sem líklegt er að fyrsta sjúkrahúsið á landinu hafi verið

Eina helgi á hverju sumri kasta framkvæmdastjórar sjúkrahúsa á Íslandi af sér okinu og aka í hóp með spúsur sínar eitthvað út úr alfaraleið. Að þessu sinni var haldið til Vestfjarða og m.a. farinn tröllavegurinn fyrir Sléttanes. Þarna voru átta þéttsetnir jeppar í „konvoj“, eins og það var orðað á stríðsárunum, alls um þrjátíu manns að mökum og börnum meðtöldum. „Við komum við á Hrafnseyri og þágum veitingar og skoðuðum safnið og staðinn undir leiðsögn Hallgríms Sveinssonar“, sagði Guðjón Brjánsson, framkvæmdastjóri FSÍ í samtali við blaðið. Það fór vel á því að þessi hópur hefði nokkra viðdvöl á þessum stað, því að kringum 1200 bjó á Eyri við Arnarfjörð Hrafn Sveinbjarnarson, sem talinn er fyrsti skólagengni læknirinn á Íslandi (sumir segja að hann hafi stundað nám í Salerno á Ítalíu) og nefnist staðurinn síðan Hrafnseyri. „Eins og Hallgrímur nefndi, þá er ekki ósennilegt að þarna hafi verið fyrsta sjúkrahúsið á Íslandi, því að til Hrafns læknis safnaðist fólk hvaðanæva til að leita bóta meina sinna“, sagði Guðjón.

Síðan var farið í Selárdal undir leiðsögn Úlfars Thoroddsens. Þar voru skoðuð kirkja og handaverk hins síbernska listamanns Samúels Jónssonar (d. 1969) og einnig komið við á Uppsölum, þar sem Gísli heitinn bjó. Svo var aftur haldið til Hrafnseyrar og þar tók Elís Kjaran við stjórninni og fór með hópinn um Baulhúsaskriður og út í Lokinhamradal, fyrir Sléttanes og síðan um hinn margfræga og hrikalega Svalvogaveg sem Elís gerði á ýtunni sinni í klettabergi Helgafells. „Jú, menn voru skíthræddir á köflum á þessu ferðalagi“, sagði Guðjón. Um nóttina gisti hópurinn í Flókalundi.

Veðrið sem hópurinn naut var einstaklega gott, Arnarfjörðurinn eins og spegill og fjallasýnin ógleymanleg.



Á vestfirskum tröllavegi. „Jú, menn voru skíthræddir á köflum á þessu ferðalagi“, sagði Guðjón Brjánsson.

Til þess að espa ekki upp gamlar og nýjar deilur um nafnið á fossinum fræga í baksýn skal hann ekki nafngreindur hér, en í forgrunni eru sjúkrahúsastjórarnir ásamt mökum sínum og börnum.

Ljón, selir og menn í Selárdal.

Vestfirðir ráðherralausir

Gunnlaugur ráðherra?

Samkvæmt heimildum blaðsins verður ákveðið á þingflokksfundi Framsóknarflokksins nk. mánudag, hver muni taka við störfum Guðmundar Bjarnasonar sem landbúnaðar- og umhverfisráðherra. Meðal þeirra sem koma sterklega til greina er Gunnlaugur M. Sigmundsson, alþingismaður Framsóknar á Vestfjörðum.

Nú ríkir það óvenjulega ástand í íslenskri pólitík, að Vestfirðingar eiga engan ráðherra. Þeir hafa gegnum tíðina átt fleiri menn í ráðherrastólum en önnur kjördæmi, að ekki sé talað um hvílík útungunarstöð Vestfirðir hafa alltaf verið fyrir forystumenn í stjórnmálum.

Það virðist nokkuð almennt viðhorf hér vestra að menn vilji fá ráðherra úr kjördæminu, jafnvel þótt hann sé úr öðrum flokki en þeir sjálfir. Það væri gríðarlegur styrkur fyrir Vestfirðinga, hvar í flokki sem þeir standa, ef annar hvor Einaranna yrði t.d. sjávarútvegsráðherra og á sama hátt væri það mikill styrkur fyrir kjördæmið ef Gunnlaugur settist í ráðherrastól.

Hugsanlegt er, að störfum Guðmundar Bjarnasonar verði skipt með einhverjum hætti, enda þykir mörgum fara illa saman að sami maður gegni bæði embætti landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra.

Næstkomandi þriðjudag verður á Ísafirði haldinn fundur Landstjórnar og þingflokks Framsóknarflokksins og þá er ekki óhugsandi að daginn áður hafi einmitt vestfirski þingmaðurinn Gunnlaugur M. Sigmundsson verið útnefndur nýr ráðherra.

Gunnlaugur M. Sigmundsson

Starfskraftur óskast!

Náttúrustofa Vestfjarða óskar eftir starfskrafti í ræstingar sem fyrst. Um er að ræða 200m³ skrifstofuhúsnæði og 300m³ sýningarsal. Vinnutími eftir samkomulagi.

Upplýsingar í síma 456 7005.

Náttúrustofa Vestfjarða,
Aðalstræti 21, Bolungarvík.

Ljónsbikarinn!

Ljónsbikarinn verður helgina 29. og 30. ágúst kl. 9 báða dagana. Leiknar verða 36 holur með og án forgjafar. Þátttökugj. kr. 1000,-. Skráning í golfskála, eða hjá Mótanefnd fyrir kl. 19 föstud. 28. ágúst. ***Mótanefnd GÍ.***

Þökkum innilega auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa

Gunnars Ágústs Gíslasonar
Súðavík

Ingibjörg S. Egilsdóttir
Frosti Gunnarsson — Björg V. Hansdóttir
E. Steinunn Gunnarsdóttir — Sigurbjörn Karlsson
Fjalar Gunnarsson — Kay D. Gunnarsson
Kolbrún Gunnarsdóttir — Víkingur Árnason
Hulda Gunnarsdóttir
Dagný Hrund Gunnarsdóttir — Þórður Antonsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Þakkir

Innilegar þakkir til allra sem glöddu mig með heimsóknum, gjöfum og heillaóskum á afmæli mínu 9. ágúst sl.

Guð blessi ykkur.

Anna Bjarnadóttir
Hlíf I

ÍSAFJARÐARBÆR

FRÁ GRUNNSKÓLANUM Á ÍSAFIRÐI

Skólinn verður settur á sal skólans mánudaginn 1. september kl. 20.30. Nemendur, foreldrar og aðrir velunnarar skólans eru hjartanlega velkomnir.

Miðvikudaginn 2. september mæti nemendur sem hér segir:

Nemendur í 1. bekk og aðstandendur þeirra verða boðaðir til viðtals sérstaklega.
2. og 3. bekkur kl. 13.00
4. og 5. bekkur kl. 11.00
6. og 7. bekkur kl. 10.00
8. - 10. bekkur kl. 9.00

Starfsmannafundur verður miðvikudaginn 26. ágúst kl. 9.00.

Skólastjóri

Sýslumaðurinn Í Bolungarvík

Miðvikudaginn 2. september 1998 kl. 15.30 verður jeppabifreiðin Þ-2445, Mitsubishi Pajero (langur), árgerð 1985, boðin upp og seld við bifreiðageymslu embættisins, Aðalstræti 12, Bolungarvík.

Greiðsla við hamarshögg.

Sýslumaðurinn í Bolungarvík,
25. ágúst 1998.
Jónas Guðmundsson

Meistari Björn

Björn Teitsson skólameistari og sagnfræðingur í bókaherberginu á heimili sínu á Ísafirði.

Björn Teitsson skólameistari á Ísafirði er nú að hefja nítjánda árið sitt í því starfi, fyrst við Menntaskólann á Ísafirði og síðan Framhaldsskóla Vestfjarða, eins og skólinn var nefndur eftir að Iðnskóli Ísafjarðar og Húsmæðraskólinn Ósk sameinuðust Menntaskólanum. Björn er sagnfræðingur að mennt og kenndi þá grein við Háskóla Íslands áður en hann réðst til Ísafjarðar. Í daglegu tali, einkum meðal samstarfsfólks, er skólameistarinn á Ísafirði oft nefndur meistari Björn, enda er hann ekki aðeins skólameistari, heldur hefur hann einnig meistarapróf í sagnfræði.

Enda þótt flestir þekki Björn Teitsson sem skólameistara, þá hefur hann látið að sér kveða á ýmsum öðrum sviðum um dagana. Það sem einkum snýr að Ísfirðingum er formennska hans í sóknarnefndinni, en þeirri skútu hefur hann stýrt farsællega til hafnar gegnum brim og boða sem risu vegna kirkjubyggingarmála eftir að gamla kirkjan stórskemmdist í eldi fyrir rúmum áratug.

Björn er Þingeyingur frá Brún í Reykjadal. Hann hefur varðveitt norðlenskan og að sumu leyti nokkuð fornlegan framburð sinn einstaklega vel, enda þótt hann hafi verið búsettur syðra og síðan hér vestra hátt á fjórða áratug, en slíkt vill slípast af mörgum á skemmri tíma. Dagfarslega virðist Björn bera svipmót hins ráðsetta og jafnvel þurrlega fræðimanns, einkum gagnvart þeim sem þekkja hann lítt eða ekki, en á bak við grímu sagnfræðingsins leynist meinfyndinn maður með útsmoginn og fíngerðan húmor, enda er hann eftirsóttur til að annast veislustjórn og flytja tækifærisræður í góðra vina hópi.

Skólasetningarræða á þingeysku

Við hittumst á skrifstofu skólameistara í Framhaldsskóla Vestfjarða, þar sem hann situr við að taka saman drög að hinni árvissu skólasetningarræðu, sem verður flutt á hreinni þingeysku eins og venjulega eftir að Jón Baldvin Hannibalsson hvarf á braut með vestfirskuna sína. Undirritaður leyfir sér að spyrja: – Er norðlenskan ríkari í Þingeyingum en öðrum Norðlendingum? Akureyringar virðast margir fljótir að glata sínu tungutaki og málfar þeirra flest þá út í stíl við Suðurlandsundirlendið…

„Ég veit það nú ekki, en reyndar held ég að þeir sem aldir eru upp út með Eyjafirði báðum megin og víða í Suður-Þingeyjarsýslu haldi þessum svokallaða norðlenska framburði betur en margir á Akureyri. Þangað hafa margir flust úr ýmsum áttum og t.d. eru væntanlega margir kennarar þar alls ekki Norðlendingar. Með miklum aðflutningi fólks er Akureyri þannig smám saman orðin minna norðlensk hvað málfar snertir, ef þannig má að orði komast, en sumir aðrir hlutar Norðurlands. En hvað mitt málfar varðar, af því að þú nefnir það, þá get ég tekið fram, að þegar ég var eitthvað um tólf-þrettán ára heyrði ég Jón Aðalstein Jónsson, sem ég átti nú eftir að kynnast löngu síðar, flytja þætti í Ríkisútvarpið um íslenskar mállýskur. Ég hlustaði mjög vandlega á þætti hans og sannfærðist um að það mál sem talað var á mínu heimili væri nokkurn veginn nákvæmlega eins og hann lýsti málfari einkum við utanverðan Eyjafjörð og í Suður-Þingeyjarsýslu. Svæði hinnar norðlensku mállýsku er að vísu nokkru stærra og nær allt frá Héraðsvötnum og austur á Hérað, en kjarninn er þar sem ég nefndi. Einhvern veginn virðist ég hafa tekið þá ákvörðun innra með mér á þessum tíma, að halda þessum framburði. Ég vil þó undirstrika, að í reynd er mállýskumunur á Íslandi lítill; hann er t.d. talinn vera meiri innan Færeyja.“

Þjóðsaga um yfirlæti Þingeyinga?

– Nú hafa ýmsir Þingeyingar orðið nafnkunnir á Ísafirði. Er eitthvað hæft í því, að þegar menn af þessum kynstofni rekur í aðra fjórðunga líti þeir öllu stærra á sjálfa sig en aðra Íslendinga? Er þetta goðsögn, þjóðsaga?

„Ég hygg að þetta sé í aðalatriðum þjóðsaga. Það kann að vera að sumir Þingeyingar hafi litið nokkuð stórt á sig fyrir hundrað árum eða svo og upp úr því. Til þess lágu ýmsar ástæður. Þeir voru þá framarlega í margvíslegri félagsmálabaráttu og stjórnmálabaráttu í landinu og áttu líka allgóð skáld. Þeir voru ekki að öllu leyti eins jarðbundnir og t.d. bændur í Fram-Eyjafirði, þar sem land er heldur betur fallið til landbúnaðar en í Þingeyjarsýslum. En samanburður af þessu tagi er vissulega mjög örðugur og ég hygg að á seinni tímum líti Þingeyingar ekki stærra á sig en aðrir landsmenn, þótt ég vilji ekki fullyrða neitt um það.“

Þingeyingur eða Ísfirðingur?

– Stundum er sagt, að þeir Ísfirðingar, sem eru ekki fæddir annað hvort á Ísafirði eða í sveitunum norðan Djúps sem nú eru komnar í auðn, verði aldrei raunverulegir Ísfirðingar, eða að minnsta kosti að innfæddir viðurkenni þá aldrei sem Ísfirðinga, þrátt fyrir áratuga búsetu hér. Hvað með þig? Verður þú alltaf Þingeyingur, hvar sem þú kannt að nema land? Eða finnst þér þú vera orðinn Ísfirðingur eftir bráðum tuttugu ár?

„Þetta er erfið spurning. Ég lít líklega fyrst og fremst á mig sem Íslending og síðan á mig sem landsbyggðarmann. Nú, eftir senn tveggja áratuga búsetu í þessum bæ, þekki ég menn og málefni betur hér vestra en annars staðar, því að ég er yfirleitt ekki mikið í burtu héðan. Þeir sem ég hef samband við af gömlum kunningjum þegar ég kem í aðra landshluta eru tiltölulega fáir. Í rauninni kemst ég ekki yfir meira. En uppruninn er vissulega allríkur í mér, enda fer ég norður í Þingeyjarsýslu á hverju sumri, ekki síst vegna þess að þar búa nánustu ættingjar mínir á föðurleifðinni.“

– Meistaraprófsritgerð þín í sagnfræði nefndist Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu…

„Þeim efnum, sagnfræði Norðurlands, hef ég í raun ekkert sinnt frá því að ég kom hingað.“

Úr háskólakennslu í starf skólameistara

– Þú kenndir sagnfræði við Háskóla Íslands áður en þú gerðist skólameistari. Eru þetta ekki gerólík störf, gerólíkir heimar?

„Jú, þetta er mjög ólíkt. Starf skólameistara hefur þann kost að vera mjög fjölbreytt – það er afar margt sem fengist er við. Sumt er mjög skemmtilegt og ánægjulegt. Annað er það reyndar ekki. En fjölbreytni starfsins ein og sér gefur því gildi að mörgu leyti.“

– Þú hefur komið allvíða við í félagsmálum hér vestra. Þú ert gamalgróinn framsóknarmaður, eins og vera ber um Þingeying, leyfi ég mér að segja, og varst í eina tíð ritstjóri Ísfirðings, málgagns Framsóknarflokksins í Vestfjarðakjördæmi. Þú ert rótarýmaður með afbrigðum – og síðan hefur þú verið formaður sóknarnefndar hér á Ísafirði í áratug eða svo, þannig að eitthvað sé nefnt. Mig langar að spyrja þig sérstaklega um ástæður þess að þú varðst formaður sóknarnefndar. Ég neita ekki, að það kom mér nokkuð á óvart…

Kirkjumálin á Ísafirði

„Hér er ekki um launungarmál að ræða. Skömmu eftir að gamla kirkjan brann, en það gerðist í lok júlí árið 1987, þá fór ég á mjög fjölmennan safnaðarfund sem haldinn var í sal Grunnskólans. Ég vil taka það skýrt fram, að ég hafði oft komið í gömlu kirkjuna til guðsþjónustu. Þegar ég hafði setið fundinn um hríð og ýmsir höfðu tekið til máls, þá varð mér ljóst, að yrði ekkert að gert myndi söfnuðurinn klofna í tvennt og byggja tvær kirkjur, aðra nýja og stóra með áföstu safnaðarheimili eins og mjög tíðkast á síðustu árum, en auk þess yrði gamla kirkjan endurreist í einhverri mynd. Ljóst var, að hvort tveggja myndi kosta stórfé, en menn virtust ekki velta því neitt fyrir sér. Mér sýndist að enginn réði í raun ferðinni í þessu máli um þetta leyti. Á fundinum voru bornar upp tvær tillögur sem stefndu í þær tvær áttir sem ég nefndi – og voru báðar samþykktar. Ég reis upp og spurði eitthvað á þessa leið: Ætla menn í alvöru að fara að byggja hér tvær kirkjur? Og halda menn að það muni takast fjárhagslega á næstu tuttugu til þrjátíu árum? Ég benti á, að það væri fjarri öllu lagi fyrir söfnuðinn og fjárhag hans, að ráðast í slíkar framkvæmdir. Ég tel enn í dag að ég hafi haft alveg rétt fyrir mér. Ég er reyndar ekki einn um þá skoðun, en á þessum fundi virtust ekki margir líta á hlutina með þessum hætti.“

Formaður sóknarnefndar

„Eftir fundinn þróaðist málið. Greidd voru greidd atkvæði í söfnuðinum um það, hvort byggja skyldi nýja kirkju á uppfyllingunni fyrir framan nýja sjúkrahúsið. Ég sá í hendi mér, að þá myndi gamla kirkjan engu að síður verða endurreist, þ.e. sú niðurstaða myndi gefa mjög gott færi á tveimur kirkjum, og sumir virtust jafnvel telja það allt í lagi, þ.e. þeir sem minnst hugsuðu um fjárhags-

hliðina. Af þessum ástæðum var ég andvígur áformum um nýja byggingu á nýjum stað, og tillagan um nýja kirkju fyrir framan sjúkrahúsið féll með um 75% atkvæða gegn 25%. Síðan voru greidd atkvæði um það, hvort kirkja ætti að vera áfram á gamla staðnum, og það var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða, enda þótt það væri ekki eini kosturinn sem tilgreindur var í atkvæðagreiðslunni.

Ég varð formaður sóknarnefndar um það leyti sem þessar atkvæðagreiðslur fóru fram, og þær fóru á þann veg sem ég taldi skynsamlegan. Ástæða þess að ég tók að mér formennskuna tengdist einnig því, að eftir brunann fengu guðsþjónustur inni í húsnæði Menntaskólans og þá var ég vissulega kominn í mjög nána snertingu við kirkjustarfið. Ég taldi af ýmsum ástæðum ekki heppilegt að svo færi að kirkjulegt starf yrði mjög lengi í skólahúsinu."

Praktískir hlutir frekar en trúarhiti

– Það má því ef til vill segja, að praktískir hlutir hafi ráðið því öllu frekar en trúarhiti að þú gerðist forsvarsmaður í kirkjumálum…

„Ég skal ekkert neita því, enda þótt ég hafi að mínu viti einnig sótt kirkju prýðilega fyrir brunann. En úr því að þú nefndir ýmiskonar félagsmál sem ég hef tekið þátt í, þá verð ég að viðurkenna, að ég er bærilega ánægður með starf mitt í söfnuðinum, þegar upp er staðið. Það að tókst að koma nýrri kirkju upp á furðuskömmum tíma eins og til stóð og söfnuðurinn stendur nú alveg í skilum, þó að skuldir séu nokkrar."

Saga Tónlistarskóla Ísafjarðar

– Þú hefur ekki sagt alveg skilið við sagnfræðirannsóknir. Nú hefur þú nýlokið við sögu Tónlistarskóla Ísafjarðar í hálfa öld…

„Það var líklega árið 1987, sem Pétur Kr. Hafstein kom að máli við mig og lagði mjög hart að mér að ég tæki að mér að skrifa einhvers konar ágrip af sögu Tónlistarskólans. Ég dróst á þetta með hálfum huga og vissi ekki alveg hvað ég væri að fara út í. Vandamál sem fljótlega blasti við, var að til þess að gera þetta sómasamlega hefði helst þurft samfelldan tíma í nokkra mánuði, en því er örðugt að ná vegna þess hvernig starfi mínu er háttað. Ég byrjaði samt á verkinu á árunum 1988-89 og tók þá meðal annars upp á segulband viðtöl við Sigríði J. Ragnar, sem nú er látin, og fáeina aðra. Þetta var skömmu eftir að Ragnar H. Ragnar andaðist. Fljótt varð ljóst, að ég myndi ekki koma þessu verki frá mér á fjörutíu ára afmæli skólans, því að það var nefnt við mig svo stuttu fyrir þann tíma. Þegar menn sáu það, þá var hætt að ýta á eftir mér í bili og segja má að málið hafi dottið upp fyrir í nokkur ár, þó að ég væri með drög að verkinu og segulbandsupptökurnar í fórum mínum. Síðan var farið að nefna þetta við mig á ný fyrir eitthvað um þremur til fjórum árum, og þá tókst mér að vinda mér í þetta, með góðum hléum. Aðallega nýttust mér þá sumurin á árunum 1995-97 og síðastliðinn vetur. Mjög miklu máli skipti, að bréf sem fóru á milli Jónasar Tómassonar eldri og Ragnars H. Ragnar, þá í Ameríku, frá árunum 1947-48, komu í mínar hendur fyrir ári síðan. Að sjálfsögðu kynntist ég í þessu sambandi vel ýmsum þáttum í sögu Ísafjarðar og einkum sögu tónlistarinnar hér. Ritgerðin reyndist að lokum um helmingi lengri en ég hafði upphaflega lofað, þannig að hún fór yfir hundrað síður í Ársriti Sögufélags Ísfirðinga – með myndum, að vísu. Ég hafði að mörgu leyti gaman af þessu verki."

– Þú hefur ekki aðeins skrifað um tónlist. Þú hefur um langan aldur hlýtt á klassíska tónlist. Ein sérlega ófrumleg spurning: Hvaða tónskáld meturðu mest?

„Þegar ég er spurður um þetta nefni ég yfirleitt Beethoven, en það er ekki sérlega frumlegt. Mjög margir aðrir myndu einnig nefna hann."

– Þó væri líklega enn ófrumlegra að nefna Mozart…

„Nokkuð er til í því. Mér finnst sérstaklega stórfenglegt hvernig Beethoven vinnur úr þeim stefjum sem hann kemur með og hvernig hann nær að beita hljómsveitinni. Mörg tónskáld hafa síðan fetað í þau spor hans og hermt þetta eftir honum með ýmsum hætti, en samt gengið illa að ná sömu hæðum og hann, að mínum dómi. Fræg er fyrsta sinfónía Brahms, en hlutar úr henni minna mjög á níundu sinfóníu Beethovens, einkum á stefið Óðinn til gleðinnar, en mjög skylt stef er áberandi í lokakaflanum hjá Brahms. Sagt er að einhver hafi spurt Brahms hvort hann væri ekki að herma eftir Beethoven í þessum kafla. Erum við ekki allir undir áhrifum frá honum? spurði þá Brahms."

Þáttagerðarmaður í sjónvarpi

– Fyrir eitthvað um tuttugu og fimm árum, á þeim tíma þegar þú starfaðir við Háskóla Íslands, þá varstu jafnframt einhver ár með sjónvarpsþætti í félagi við Björn Þorsteinsson sagnfræðing (yngra). Hvernig leið þér fyrir framan sjónvarpsvélarnar? Var þetta erfitt?

„Við nafnarnir erum nokkuð ólíkir. Hann var betri en ég að spyrja viðmælendur í beinni útsendingu en ég var oft svolítið óstyrkur við slíkar kringumstæður. Hins vegar lét mér fremur vel að undirbúa efni fyrirfram og ganga frá texta til upplestrar. Menn eru einfaldlega mismunandi gerðar og ég held að við höfum bætt hvor annan upp. Enn hef ég samband við þennan ágæta nafna minn öðru hverju."

Heimavist og samfélagsbreytingar

– Á þessum rétt tveimur áratugum þínum á Ísafirði hafa tímarnir og tíðarandinn að ýmsu leyti breyst hraðar en nokkru sinni fyrr í sögunni, og hefur þó drifið margt á dagana á þeirri öld umbrota og (svokallaðra) framfara sem nú er að kveðja. Þéringar í útvarpi og sjónvarpi hafa lagst af. Meira að segja er hætt að frukta fyrir stórkaupmönnum. Það sem var klám fyrir tuttugu árum er það ekki lengur. Tölvutæknin hefur gerbreytt daglegu lífi á ótalmarga vegu. Skólarnir hafa breyst ekki síður en annað. Skömmu áður en þú komst til sögunnar hér á Ísafirði var reist af stórhug mikið heimavistarhús fyrir Menntaskólann á Ísafirði og er ekki nærri fullbyggt enn, samkvæmt upphaflegum teikningum, eins og suðurgaflinn ber merki um. En þessi árin eru aðeins kringum tíu til fimmtán hræður á heimavistinni og seint verður líklega haldið áfram að byggja þetta hús…

„Já, þetta er flókið ferli. Það sem gerst hefur frá því um 1975, þegar hér var verið að ljúka við heimavistarbygginguna, í þeirri mynd sem hún hefur enn, er meðal annars að framhaldsskólum í landinu hefur fjölgað verulega. Sú fjölgun varð einkum á áratugnum frá 1975 til 1985. Þá risu fjölbrautaskólar og menntaskólar með heimavistum m.a. á Sauðárkróki, Akranesi og Egilsstöðum. Þessir skólar hafa hver um sig dregið til sín nemendur úr sínum landshlutum, þannig að smám saman hafa nemendur annars staðar en af Vestfjörðum hætt að koma hingað til framhaldsnáms. Það er mjög ólíkt því sem var á fyrstu árum Menntaskólans á Ísafirði. Einnig hefur bein fólksfækkun á Vestfjörðum orðið meiri en í öðrum landshlutum, einkum síðustu fimmtán árin eða svo. Og ástæðurnar eru vissulega fleiri."

– Heimanaksturinn…

„Já, á þessum sama tíma, eða frá því eftir 1980, hafa orðið geysilegar framfarir í vegagerð á Vestfjörðum og má segja að samgöngubæturnar séu alveg ótrúlegar. Nægilegt

„Það að tókst að koma nýrri kirkju upp á furðuskömmum tíma eins og til stóð og söfnuðurinn stendur nú alveg í skilum, þó að skuldir séu nokkrar."

Grunnskólinn!

Grunnskólinn hefst um allt land í næstu viku, líka á Ísafirði. Fyrir tæpu ári titraði allt og skalf með þeim afleiðingum að bæjarstjórnarmeirihlutinn klofnaði. Þá vildi hluti bæjarstjórnar kaupa hús Norðartangans undir grunnskóla. Búið var að láta verkfræðistofu reikna út hagkvæmnina af öllu saman. Var þetta geipilega hagkvæmt þótt ekki yrði nema rúmlega helmingur húsnæðisins notaður. Þannig var álitið, sem andstæðingar þess töldu pantað.

Aldrei fæst úr því skorið héðan af hvort þessi kostur að setja grunnskólabörnin í gamalt fiskvinnsluhús var gáfulegur. Hins verður minnst lengi hvernig bæjarstjórnin klúðraði málum sínum. Haldið skyldi fram með offorsi. Almenningi gafst aldrei kostur á því að leggja efnislegt mat á hugmyndina. En honum gafst kostur að meta bæjarstjórnina. Það mat var hvorki hátt né merkilegt. Þáverandi forseti bæjarstjórnar og bæjarstjóri hættu hreinlega. Bæjarstjórinn til þess að skapa sér svigrúm í pólitíkinni á Akureyri. Það gerði hann með glæsibrag.

Forsetinn til þess að leggja allt undir í næstu sveitarstjórnarkosningum. Það gekk ekki, þótt hann muni væntanlega sitja bæjarstjórnarfundi á komandi vetri. Aðstoðarmaður bæjarstjórans hætti líka og er nú orðin sveitarstjóri í rúmlega 600 manna sveitarfélagi í Borgarfirðinum, sem varð til við sameiningu fjögurra smærri. Þeir bæjarfulltrúar sem fengu það vonda verkefni að tjasla saman starfhæfum meirihluta það sem eftir lifði kjörtímabilsins voru í vanda með grunnskólann. Til stóð að flytja hann í íþróttavallarhúsið á Torfnesi. Það var snarvondur kostur. Sem betur fer er það ekki inni í myndinni lengur.

Miðað við æsinginn í fyrra er mesta furða hvað lítið er þrasað um kaupfélagsskólann.

Byggingameistarar bæjarins segja þetta eitt best byggða húsið í bænum. Vonandi verður það gott til kennslu og tilbúið á réttum tíma. Kaupfélagið er nálægt hinum húsum grunnskólans á eyrinni. Það myndi gleðja margan kratann, skólamanninn og fyrrum bæjarfulltrúann að sjá kaupfélagið verða að menntamusteri.

Bráðabirgðalausn

Eitt helsta einkenni íslenskrar stjórnsýslu er hve lítill hluti hennar er í höndum sveitarfélaga. Til þess liggja margar ástæður. Ein sú helsta er smæð sveitarfélaganna. Þar er um arfleifð fyrri alda að ræða. Ríkisvaldið var í höndum konunga Noregs og Danmerkur. Hrepparnir voru fámennir og allir bjuggu á sveitabýlum. Þéttbýlismyndun var lítil og ekki vel séð af íslenskum valdastéttum, sem aðallega voru klerkar, stórbændur og sýslumenn. Stórbændur kærðu sig ekki um fjölgun í sínum hópi. Klerkar voru einu eða nánast einu menntamennirnir á Íslandi. Við þessar aðstæður þrifust sveitarfélögin ekki sem stjórnsýslutæki. Þeirra hlutverk var að annast fátækraframfærslu. Kirkjan sá um þá menntun sem í boði var. Það gerði hún á sínum forsendum. Þær voru að styrkja veldi hennar með þessari fámennu þjóð. En eftir siðaskipti hnignaði mætti kirkjunnar sem stofnunar.

Stjórnsýslan á Íslandi þjónaði fram að siðaskiptum hagsmunum kaþólsku kirkjunnar. Hrepparnir voru aukaatriði að frátöldum fátæklingunum. Kóngarnir sátu úti í löndum og skildu það sem stóð þeim næst. Sennilega hefur þeim staðið á sama um Ísland. Enda er það kónga siður jafnt smákónga sem annarra að vera ekki að pirra sig mikið á því sem er þeim fjarri.

Þannig var það með smákóngana í hreppunum langt fram eftir þessari öld. Vistabandið hélt byggðinni um allt land. Ef atvinna utan sveita hefði fengið að þróast og þéttbýli að myndast stæðu sennilega bæði sveitir og landsbyggðin almennt betur að vígi en nú er. Hugmyndir um endurreisn á Íslandi fengu lítinn hljómgrunn á fyrri öldum. En um leið var alltaf leitað annað eftir nýjungum. Þetta loðir enn við sveitarfélögin. Þeim verður að fækka enn frekar. Annars verða þau máttlaus og allt gert til bráðabirgða, líka grunnskólinn.

Kraftinn heim

Þessi umræða á við fyrstu sýn fátt skylt við grunnskólann á Ísafirði. Sé betur að gáð er vandamálið alltaf það sama, að tjalda til einnar nætur. Sveitarfélögin hafa liðið fyrir sveitarstjórnarmenn, sem áratugum saman hafa talið það sitt helsta hlutverk að betla af ríkisvaldinu. Þeir hafa í raun varpað ábyrgðinni yfir á Reykjavíkurvaldið, alþingi og ráðuneytin. Fekar en að berjast fyrir þeirri styrkingu sveitarfélaganna, sem nú örlar á, hafa þeir farið með betlistafinn suður og óskað eftir fjárveitingum. Þegar rætt hefur verið um að styrkja sveitarstjórnarstigið hafa einu hugmyndirnar verið þær að búa til nýtt stjórnsýslustig með tilheyrandi kostnaði en einhverjum glæsilegum embættum fyrir framagjarna metorðaklifrara.

Nú hefur ríkisvaldið fært til verkefni. Grunnskólinn er á ábyrgð sveitarfélganna. Þá er kvartað undan því að of litlir peningar hafi fylgt. Það var þægilegara að skýla sér á bak við nízku þingsins áður en að þurfa að taka á vandanum. Í trausti þess að nú sé bæjarstjórn að leysa úr vanda grunnskólans í samræmi við fjárhag og önnur verkefni er grunnskóla í kaupfélaginu fagnað. Peningar og ábyrgð fara saman í héraði. Takist vel til fylgir krafturinn til uppyggingar.

Stakkur

er að nefna Óshlíðina, brýrnar í Önundarfirði og Dýrafirði, jarðgöngin og lagningu bundins slitlags víðs vegar um landshlutann. Nú aka flestir nemendur allt frá Bolungarvík og til Þingeyrar daglega í skólann frekar en að búa í heimavistinni. Allt þetta hefur leitt til þess, að heimavistarnemendur eru orðnir fáir. Hins vegar reynum við að nýta heimavistarhúsið til annarra hluta. Þar er komin inn þó nokkur kennsla á seinni árum, auk þess sem Hótel Ísafjörður hefur hluta heimavistarinnar til ábúðar allt árið, ef svo má segja."

Gildi þess að búa á heimavist

– Bolvíkingurinn Ásgeir Þór Jónsson, einn af nemendum Menntaskólans á Ísafirði á sínum tíma, telur árunum sínum þar ekki síst til gildis þegar hann lítur til baka, að hann skuli hafa búið á heimavistinni – að það hafi verið mjög þroskandi á ýmsan hátt. Þú varst væntanlega sjálfur heimavistarbúi á skólaárum…

„Já, ég bjó á heimavist í mörg ár. Fyrst í héraðsskóla í tvo vetur, svo þrjá vetur í Menntaskólanum á Akureyri og síðan eina fimm-sex vetur háskóla, þannig að ég þekki þetta mjög vel og get fallist á það að mörgu leyti, að það sé þroskandi fyrir ungt fólk að búa á heimavist. Það lærir þar með raunhæfum hætti ýmsar umgengnisreglur og kynnist oft hvert öðru ágætlega. Á heimavistum geta myndast mjög skemmtileg samfélög."

Fjölskyldan

Eins og fyrr getur er Björn Teitsson frá Brún í Reykjadal í Suður-Þingeyjarsýslu. Foreldrar hans eru báðir á lífi, Teitur Björnsson bóndi og Elín Aradóttir. Teitur á Brún er orðinn aldraður og heilsan farin að gefa sig, en hann var lengi oddviti í sinni sveit, átti sæti í stjórn Kaupfélags Þingeyinga og var formaður hennar um tíma. Hann var fulltrúi Suður-Þingeyinga á Búnaðarþingi í nær aldarfjórðung. Elín móðir Björns var á sínum tíma formaður Sambands norðlenskra kvenna. Systkinin eru sex og Björn elstur, fjórir bræður og tvær systur. Af systkinum Björns eru líklega kunnastir Ari Teitsson, formaður Bændasamtaka Íslands, og Ingvar Teitsson, læknir á Akureyri og formaður Ferðafélags Akureyrar. Erlingur Teitsson hefur tekið við búskapnum á Brún. Systur Björns eru Sigríður, sérkennari í Kópavogi, og Helga, húsmæðrakennari og garðyrkjubóndi í Hrunamannahreppi.

Eiginkona Björns er líka norðlensk að ætt, Anna Thorarensen frá Akureyri, elst af níu systkinum, en hún er sérkennari við Grunnskólann á Ísafirði. Thorarensen-ættin er komin frá Þórarni Jónssyni, sem var sýslumaður á Grund í Eyjafirði um miðja 18. öld.

Fjarkennsla á háskólastigi

Undir lokin víkjum við Björn í samtali okkar að því sem einna markverðast má telja í Framhaldsskóla Vestfjarða nú um stundir. „Það sem hefur vakið mesta athygli á þessu ári", segir hann, „er að hér hefur verið tekin upp fjarkennsla á háskólastigi í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Fyrsta skrefið í þeirri samvinnu var efnafræðinámskeið sem hófst 4. ágúst sl. og lauk fyrir síðustu helgi. Tíu nemendur hér eru innritaðir í hjúkrunarfræði í vetur. Þeir hefja námið á því að fara til Akureyrar og vera þar eina viku, en síðan munu þeir njóta fjarkennslunnar í heimavistarhúsinu hér."

Sjálfsmat skólanna

„Annað sem telja má nýlundu í skólanum, er að við tökum nú þátt í svokölluðu sjálfsmati innan framhaldsskólanna og lögðum tvo hluta þess fyrir nemendur í spurningaformi á síðasta vetri. Búið er að vinna úr fyrri þættinum og bera niðurstöðurnar nokkuð saman við útkomuna í Kvennaskólanum í Reykjavík, enda er nánast um sömu spurningarnar að ræða. Þar er athyglisvert, að niðurstöðurnar eru mjög keimlíkar í báðum skólunum. Nemendur virðast mjög ámóta ánægðir með kennsluna og viðhorf þeirra til kennaranna eru svipuð. Þeir sem vinna úr þessum könnunum og fylgjast með þeim, telja að einna helst sé hægt að taka mark á spurningum sem lagðar eru fyrir nemendur varðandi kennarana. Nemendur sjá og heyra kennara sína daglega, en ýmsu öðru í skólalífinu, eins og stjórnun, skrifstofustörfum, mötuneyti og jafnvel félagslífi kynnast margir nemendur oft nánast af afspurn. Seinni könnunin var einmitt um þessa þætti. Mikið verk er að vinna úr þessum könnunum, enda eru lagðir tugir og jafnvel hundruð spurninga fyrir hvern einasta nemanda. Það eitt að slíkar kannanir eru gerðar virðist skipta máli, fólk vaknar til umhugsunar. Nemendur eru t.d. spurðir: Ertu ánægður með þolinmæði kennarans? Finnst þér kennarinn hafa áhuga á starfi sínu? Kennararnir vita af þessum spurningum og það



virðist ýta við þeim, og mér er ekki grunlaust um að þar sem þetta hefur verið gert nokkur ár í röð hafi kennararnir smám saman fengið heldur betri dóma en áður. Niðurstöður varðandi einstaka kennara eru ekki birtar, en skólastjórnendur ræða þær við þá sjálfa. Það er vissulega mjög gagnlegt og ég er ánægður með að eiga þátt í þessu."

Hár og hár

Þar með hverfur meistari Björn aftur að skólasetningarræðunni, en undirritaður lætur fylgja hér eitt sýnishorn af tilsvörum hans. Þegar Guðjón Ólafsson enskukennari var ráðinn að skólanum fyrir fimmtán árum eða svo var hann búsettur syðra, og þeir Björn höfðu aldrei hist. Þeir ræddust við í síma og ákveðið var að meistari sækti nýja kennarann inn á flugvöll þegar hann kæmi vestur. Björn spyr: Hvernig eigum við að þekkjast? Ég hef ekki mikið hár, svarar Guðjón. Björn svarar á móti: Ég er ekki hár. Síðan hafa þeir þekkst prýðilega.

– Hlynur Þór Magnússon

Golfklúbbur Ísafjarðar

Sigurður og Karl sigruðu

Um helgina var haldið barna- og unglingamót hjá Golfklúbbi Ísafjarðar og var keppt í tveimur flokkum. Í flokki 11 ára og yngri voru spilaðar fjórar holur og þar sigraði Sigurður Grétarsson á 22 höggum, annar varð Loftur Jóhannsson á 28 höggum og í þriðja sæti Ásgeir Gíslason á 30 höggum.

Í flokki 12 ára og eldri voru spilaðar 9 holur og þar sigraði Karl Einarsson á 43 höggum, annar varð Sigurður Pétursson á 64 höggum og í þriðja sæti Gunnar Elvarsson á 70 höggum.

Bergrós Hjálmarsdóttir mundar kylfuna.

Þrír efstu í yngri og eldri flokki. Fremri röð f.v.: Ásgeir, Sigurður G. og Loftur. Aftari röð f.v.: Gunnar, Karl og Sigurður P.

Fjórir vestfirskir músíkmeistarar, Ólafur Kristjánsson, séra Gunnar Björnsson, frú Ágústa Ágústsdóttir og Ásgeir S. Sigurðsson, virðast nokkuð ánægðir með flutning Svends Asmussens og félaga á þekktum jazz-standördum.

Meistarar sveiflunnar í Bolungarvík

Svend Asmussen sló í gegn

Það var mikið um dýrðir í Bolungarvík á mánudagskvöldið, en þá lék danski fiðlusnillingurinn Svend Asmussen ásamt félögum fyrir Vestfirðinga í Víkurbæ.

Í máli Svends kom fram að þrennum tónleikum hans á landinu að þessu sinni mætti líkja við þrep á kransaköku, og toppurinn á kransakökunni væru tónleikarnir í Bolungarvík. Eru það orð að sönnu því sjaldan hafa tónlistarmenn fengið þar öllu betri móttökur. Myndirnar tala sínu máli.

Svend Asmussen sýndi það og sannaði þrátt fyrir árin áttatíu og tvö, að hann hefur engu gleymt og er enn einn besti jazzisti sem uppi hefur verið

Allir leggja sitt fram, þótt þeir eigi við ramman reip að draga, hver eftir sinni getu.

Ísafjörður

Ísfólkið skemmtir sér

Ísfólkið ógurlega á Ísafirði (stuðningshópur og bakhjarl KFÍ) hélt fjölskyldudag inni í Tungudal á sunnudaginn. Klukkan tvö var byrjað að grilla pylsur og fara í leiki og stóð fagnaðurinn í fjóra tíma í frábæru veðri. Gestir voru eitthvað á milli 80 og 100 og tókst þessi samkoma í alla staði vel. Bæði var farið í skipulagða leiki og einnig fann mannskapurinn sér sjálfur ýmislegt að gera sér til gamans. Liðsmenn KFÍ voru á staðnum og léku við krakkana.

Formaður Ísfólksins er Eygló Jónsdóttir. Það var í september í fyrra sem félagsskapurinn var stofnaður og líður því senn að ársafmælinu. Um það leyti verður haldinn aðalfundur þar sem allir eru velkomnir og verður hann auglýstur hér í blaðinu þegar þar að kemur.

Ekki er annað að sjá en Ísfólkinu hafi liðið bærilega í sólinni og blíðunni, þrátt fyrir heldur kuldalegt nafnið.

Pylsur og pepsí hurfu eins og heitar lummur ofaní gestina á fjölskyldudegi Ísfólksins.

Ísafjörður

Misstu heimili sitt í eldsvoða í annað sinn

– reykskynjarinn bjargaði mannslífum

Síðla aðfaranótt sunnudagsins kom upp eldur í húsinu Aðalstræti 32 á Ísafirði, en það er meira en aldargamalt timburhús með nýlegri álklæðningu. Í húsinu eru fjórar íbúðir og voru tvær þeirra mannlausar. Eldurinn kom upp í mannlausri íbúð á neðri hæð en reykskynjari í íbúðinni þar fyrir ofan vakti fjölskylduna sem þar bjó. Íbúi í annarri íbúð á neðri hæð varð einskis var og trúði ekki einu sinni að eldur væri í húsinu þegar honum var sagt það, enda stórreykingamaður, og þurfti lögreglan að fara með hann út ásamt hundi sem einnig er búsettur í íbúðinni.

Á efri hæðinni bjuggu Jovan Popovic, 33 ára, og Zeljka kona hans, 28 ára, ásamt tveimur dætrum sínum, sex og þriggja ára. Þegar þau vöknuðu var mikill reykur í íbúðinni og stigagangurinn fullur af reyk, þannig að ekki mátti tæpara standa að þau kæmust út á nærklæðunum með börnin.

Popovic-fjölskyldan kom til Ísafjarðar í fyrri flóttamannahópnum frá Júgóslavíu árið 1996 og varð fyrst þeirra fjölskyldna til þess að festa kaup á eigin húsnæði, fyrst inni í Stórholti og síðan í þessu húsi. Tveimur árum áður en þau komu til Íslands björguðust þau líka úr eldsvoða og misstu heimili sitt, þegar hús þeirra varð fyrir sprengjuárás. Jovan Popovic sætti á sínum tíma miklu harðræði og pyndingum í fangelsi í Króatíu og hefur ekki náð sér enn, en hann vinnur nú í Skipasmíðastöðinni á Ísafirði.

Eldurinn mun hafa komið upp í kæliskáp eða lögnum á bak við hann. Það bjargaði miklu, að allir gluggar voru lokaðir þannig að eldurinn fékk litla næringu og veður var mjög stillt. Íbúðin þar sem eldurinn kom upp er ónýt og íbúð Popovic-fjölskyldunnar mjög mikið skemmd.

Ef reykskynjarinn hefði ekki vakið fjölskylduna er ekki ólíklegt að fólkið hefði kafnað í svefni og eldurinn náð sér svo á strik að húsinu hefði naumast verið bjargað. Ekki eru nema fáeinir metrar frá húsinu að gamla barnaskólanum á Ísafirði, timburhúsi sem einnig var reist fyrir aldamót, þá sem einnar hæðar hús, en efri hæðinni var bætt við árið 1901. Ef eldurinn hefði náð þangað er óvíst hvar staðar hefði numið, því að á sínum tíma var byggð tengibygging úr timbri á milli gamla skólahússins og „nýja“ skólans. Fast upp við húsið á hina hliðina er Björnsbúð, sem er nýlegt steinhús.

Húsið Aðalstræti 32 á Ísafirði er þekktast fyrir að hafa verið hús Björns Pálssonar ljósmyndara, sem rak þar stofu sína frá 1891 til dauðadags árið 1916.

Frá brunastað aðfaranótt sunnudagsins.

Hjónin og dugnaðarfólkið Zeljka og Jovan Popovic dapurleg á svip í íbúðinni sinni, sem þau hafa lagt svo mikla vinnu í að gera upp, en er nú mjög mikið skemmd. Raunum þeirra og erfiðleikum var ekki lokið þótt til Íslands væri komið.

Séð inn í íbúðina þar sem eldurinn kom upp. Fyrir miðju er kæliskápurinn, en líklegt er talið að eldurinn hafi komið upp í honum eða á bak við hann.

ÍSAFJARÐARBÆR

GRUNNSKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

Óskum eftir að ráða fólk til eftirtalinna starfa næsta haust:

Kennslu:
Heimilisfræði (3.-7. bekk) frá 1. september til áramóta.
Almenn kennsla á yngsta og miðstigi (2.-6. bekkur).
Sérkennsla í öllum árgöngum.
Tónmennt á yngsta og miðstigi 1.-7. bekkur.

Starfsfólk við heilsdagsskóla. Um er að ræða hlutastörf eftir hádegi. Æskilegt er að viðkomandi hafi uppeldismenntun eða reynslu af að vinna með hópi barna.

Skólaliða. Um er að ræða tvær stöður.

Nánari upplýsingar veita skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í síma 456 3044 (skólinn), 456 4305, 899 6305 (Kristinn Breiðfjörð), 456 4132 (Jónína Ólöf).

Umsóknir sendist skólastjóra á eyðublöðum sem fást í skólanum og á skrifstofu Ísafjarðarbæjar.

Skólastjóri

Starfsfólk óskast!

Skelfiskur á Flateyri óskar eftir starfsfólki í skelfiskvinnslu.

Upplýsingar í síma 456 7692 á daginn og 456 7896 á kvöldin

Annar stýrimaður óskast!

2. stýrimaður óskast á Skutul ÍS-180

Upplýsingar í síma 894 3026

BÁSAFELL HF.
Sundstræti 36 • 400 Ísafjörður • Sími 450 4000

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

DAGSKRÁ

26. ÁGÚST- 1. SEPTEMBER

SJÓNVARPIÐ

MIÐVIKUDAGUR 26. ÁGÚST

13.45 Skjáleikurinn
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Myndasafnið
18.30 Ferðaleiðir
19.00 Lögregluskólinn (25:26)
20.00 Fréttir og veður
20.35 Víkingalottó
20.40 Laus og liðug (8:22)
21.05 Skerjagarðslæknirinn (4:6)
(Skärgårdsdoktorn)
Sænskur myndaflokkur um líf og starf læknis í sænska skerjagarðinum.
22.05 Bráðavaktin (16:22)
23.00 Ellefufréttir

FIMMTUDAGUR 27. ÁGÚST

13.45 Skjáleikurinn
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Krói (17:21)
18.30 Undraheimur dýranna (7:13)
19.00 Loftleiðin (26:32)
Ástralskur myndaflokkur um flugmenn sem lenda í ýmsum ævintýrum og háska við störf sín.
20.00 Fréttir og veður
20.35 Frasier (23:24)
21.00 Melissa (5:6)
Breskur sakamálaflokkur byggður á sögu eftir Francis Durbridge.
22.00 Saksóknarinn (21:21)
23.00 Ellefufréttir

FÖSTUDAGUR 28. ÁGÚST

13.45 Sjáleikurinn
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Þytur í laufi (52:65)
18.30 Meistaraleikur Evrópu í knattspyrnu
Bein útsending frá viðureign bikarhafa og meistara Evrópumótanna í ár, Real Madrid og Chelsea, í Mónakó.
20.40 Fréttir og veður
21.15 Sumri hallar
Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1996 sem gerist á sveitasetri undir lok 19. aldar. Einhleyp hefðarkona á miðjum aldri kemur til árlegrar sumardvalar og hittir gamlan ástmann.
22.50 Næturþel
Bandarísk gamanmynd frá 1981 um ástir gifts verslunarstjóra og húsmóður sem hann hittir í verslun sinni.
00.15 Saksóknarinn (16:21)
01.00 Útvarpsfréttir

LAUGARDAGUR 29. ÁGÚST

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.30 Hlé
10.55 Formúla 1
Bein útsending frá tímatöku á Spa-Francorchamps brautinni í Belgíu sem liggur í skóglendi og er uppáhaldsbraut ökumanna í Formúlu 1 vegna legu beygjanna.
13.00 Kappreiðar Fáks
Bein útsending frá seinni umferð á kappreiðum Fáks á Víðivöllum í Víðidal í Reykjavík.
15.00 Íþróttaþátturinn
Sýnt verður frá bikarkeppni í frjálsum íþróttum.
18.00 Rússneskar teiknimyndir (8:14)
18.30 Furður framtíðar (3:9)
19.00 Strandverðir (12:22)
20.0 Fréttir og veður
20.35 Lottó
20.40 Georg og Leó (17:22)
21.10 Keppinautar
Bandarísk bíómynd frá 1991 um tvo lagastúdenta sem líta lífið ólíkum augum.
23.00 Draugalestin
Bandarísk spennumynd. Unglingur lendir í slagtogi með blóðsugum sem ætla að láta til sín taka í New York.
00.30 Útvarpsfréttir

SUNNUDAGUR 30. ÁGÚST

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
11.00 Hlé
11.30 Formúla 1
Bein útsending frá keppni á Spa-Francorchamps brautinni í Belgíu sem liggur í skóglendi og er uppáhaldsbraut ökumanna í Formúlu 1 vegna legu beygjanna.
15.20 Jóhann landlausi
18.00 Hjálp
18.15 Tómas og Tim (6:6)
Dönsk teiknimyndaröð um tvo stráka með líflegt hugmyndaflug.
Þýðandi: Nanna Gunnarsdóttir.
18.30 Börn í Gvatemala (1:4)
19.00 Geimferðin (7:52)
(Star Trek: Voyager)
20.00 Fréttir og veður
20.35 Emma í Mánalundi (15:26)
(Emily of New Moon)
Kanadískur myndaflokkur fyrir alla fjölskylduna gerður eftir sögum Lucy Maud Montgomery um ævintýri Emmu og vina hennar á Játvarðareyju við strönd Kanada.
21.30 Landið í lifandi myndum (5:5)
Snjóvorið langa, síðari hluti
Fjórða myndin af fimm í þáttaröð um náttúru, sögu og mannlíf á nokkrum afmörkuðum svæðum á Íslandi
22.10 Helgarsportið
22.30 Móti straumi
(Correre Contro)
Ítölsk bíómynd frá 1996 um tvo unga vini. Annar þeirra er bundinn hjólastól en báðir fella hug til sömu stúlkunnar

MÁNUDAGUR 31. ÁGÚST

16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
18.00 Eunbi og Khabi (9:26)
18.30 Veröld dverganna (14:26)
19.00 Lögregluskólinn (26:26)
20.00 Fréttir og veður
20.35 Ástir og undirföt (18:22)
21.00 Vængstýfður fugl (2:3)
(The Wingless Bird)
Breskur myndaflokkur gerður eftir sögu Catherine Cookson.
21.55 Bandaríkin í nýju ljósi (8:8)
23.00 Ellefufréttir

ÞRIÐJUDAGUR 1. SEPTEMBER

16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
18.00 Bambusbirnirnir (49:52)
18.30 Gæsahúð (2:26)
19.00 Loftleiðin (27:32)
(The Big Sky)
20.00 Fréttir og veður
20.35 Bankastjórinn (3:6)
(The Boss)
Bresk gamanþáttaröð um bankastjóra sem enginn skilur hvernig komist hefur til metorða.
21.05 Lögregluhundurinn Rex (12:13)
22.00 Vomur úthafsins
(Phantom of the Ocean)
Kanadísk heimildarmynd um sviptingar í lífríki sjávar undan vesturströnd Bandaríkjanna og orsakir þeirra.
23.00 Ellefufréttir
23.15 Fótboltakvöld

2 STÖÐ-2

MIÐVIKUDAGUR 26.ÁGÚST

13.00 Við rætur eldfjallsins (e)
14.50 Áfangar (e)
15.05 Cosby (24:25) (e)
15.30 Dýraríkið (e)
16.00 Ómar
16.25 Sögur úr Andabæ
16.45 Súper Marió bræður
17.10 Glæstar vonir
17.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
17.45 Línurnar í lag (e)
18.00 Fréttir
18.05 Nágrannar
18.30 Prúðuleikararnir (14:22) (e)
19.00 19>20
20.05 Moesha (23:24)
20.30 Ellen (5:25)
21.55 Tildurrófur (6:6)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Íþróttir um allan heim
23.45 Við rætur eldfjallsins (e)
(Under the Volcano)
Víðfræg mynd eftir leikstjórann John Huston um afdankaðan diplómat sem heldur til í Mexíkó á fjórða áratugnum.
01.35 Dagskrárlok

FIMMTUDAGUR 27.ÁGÚST

13.00 Hið fullkomna morð (e)
14.30 Mótorsport (e)
15.00 Íslendingar á norðurpólnum (e)
Forvitnilegur þáttur um ævintýraferð Ara Trausta Guðmundssonar og Ragnars Th. Sigurðssonar á norðurpólinn 1995.
15.30 Dýraríkið (e)
16.00 Eruð þið myrkfælin?
16.25 Sögur úr Andabæ
16.50 Simmi og Sammi
17.15 Eðlukrílin
17.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
17.45 Línurnar í lag (e)
18.00 Fréttir
18.05 Nágrannar
19.00 19>20
20.05 Hér er ég (2:6)
20.40 Bramwell (10:10)
21.35 Þögult vitni (1:16)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 New York löggur (17:22)
23.40 Hið fullkomna morð (e)
(Masterpiece of Murder)
Leynilögreglumaður sem má muna sinn fífil fegurri sættist á að vinna með þjófi sem var stórtækur hér í eina tíð en verkefni þeirra er að rannsaka listaverkaþjófnað og morð.
01.10 Tilviljun ræður (e)
(Accidental Meeting)
Bandarísk sjónvarpsmynd um tvær vinkonur sem espa hvor aðra upp í hættulegum leik.
02.40 Dagskrárlok

FÖSTUDAGUR 28.ÁGÚST

13.00 New York löggur (17:22) (e)
13.50 Grand-hótel (5:8) (e)
14.45 Watergate-hneykslið (4:5) (e)
15.35 Punktur.is (3:10) (e)
16.00 Töfravagninn
16.25 Sögur úr Andabæ
16.45 Skot og mark
17.10 Glæstar vonir
17.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
17.45 Línurnar í lag (e)
18.00 Fréttir
18.05 60 mínútur (e)
19.00 19>20
20.05 Elskan, ég minnkaði börnin
21.00 Fisléttur
(Airborne)
Við kynnumst Mitchell Goosen sem er svo gott sem alinn upp á ströndinni í Kaliforníu. Þegar foreldrar hans fá tækifæri til að vinna við vísindarannsóknir í Ástralíu er hann sendur til frændfólks í Ohio, sem er langt inni í landi. Hann þarf að kynnast nýjum krökkum og algjörlega nýju umhverfi á nýjum stað. Mynd fyrir alla fjölskylduna.
22.35 Dagsljós
(Daylight)
Þriggja stjörnu stórslysamynd um björgunarafrek frækinna vaktmanna á bráðavakt sjúkrahúss. Hrikalegt umferðarslys á sér stað í undirgöngunum undir Hudson fljóti í New York og það verður að hafa hröð handtök til að bjarga fólkinu úr göngunum.
00.30 Maverick (e)
02.35 Banvæn ást (e)
(Deadly Love)
04.10 Dagskrárlok

LAUGARDAGUR 29.ÁGÚST

09.00 Eðlukrílin
09.10 Bangsar og bananar
09.15 Sögur úr Broca stræti
09.30 Mollý
09.55 Sögustund með Janosch
10.15 Bíbí og félagar
11.10 Ævintýri á eyðieyju
11.35 Andrés önd og Mikki mús
12.00 Beint í mark
12.30 NBA molar
13.00 Sjónvarpsmarkaður
13.15 Hver lífsins þraut (7:8) (e)
13.45 Enski boltinn
15.55 Góðan daginn, Timothy
17.35 Christopher Reeves og hvalirnir (e)
(In The Wild: Christpher Reeves With Whales)
Súpermaðurinn Christopher Reeve sem er nú bundinn við hjólastól lætur drauma sína rætast og fer í hvalaskoðun til norðurheimskautsins.
18.30 Glæstar vonir
19.00 19>20
20.05 Vinir (4:25)
20.35 Bræðrabönd (17:22)
21.05 Butch Cassidy og Sundance Kid
(Butch Cassidy and the Sundance Kid)
Þetta er fjögurra stjörnu vestri. Paul Newman og Robert Redford eru útlagar á flótta undan vægðarlausum hópi sérsveitar lögreglunnar. Hvort sem leiðin liggur yfir fjöll, gegn um þorp og yfir ár þá er hópurinn alltaf rétt handan við hornið. Myndin sem er gamansöm á köflum fékk fern Óskarsverðlaun þ.á m. fyrir handrit.
22.55 Þorp hinna fordæmdu
(Village Of The Damned)
Það er eitthvað hræðilegt að í Midwich. Eitthvað óþekkt afl réðst inn í bæinn og eftir það eru tíu konur barnshafandi án þess að hafa hugmynd um hvernig það hafi komið til. Þegar börnin fæðast öll á sama tíma gengur öld óhugnaðar í garð. Læknir staðarins og vísindamenn á vegum ríkisstjórnarinnar rannsaka málið.
00.30 Joshua þá og nú (e)
(Joshua Then and Now)
02.30 Hafnaboltahetjurnar 2 (e)
(Major League II)
04.15 Dagskrárlok

SUNNUDAGUR 30.ÁGÚST

09.00 Sesam opnist þú
09.25 Bangsi litli
09.35 Mási makalausi
09.55 Urmull
10.20 Andinn í flöskunni
10.45 Andrés önd og Mikki mús
11.10 Húsið á sléttunni (15:22)
12.00 NBA kvennakarfan
12.25 Lois og Clark (14:22) (e)
13.10 Fálkamærin (e) l
15.05 Furðuferð Villa og Tedda (e)
16.35 Gigi
18.30 Glæstar vonir
19.00 19>20
20.05 Ástir og átök (3:25)
20.35 Rýnirinn (14:23)
21.05 Draumadísin Marilyn
(Marilyn Monroe: Mortal Godess)
Í þessari merkilegu heimildarmynd er fjallað ítarlega um ævi Marilyn Monroe, gyðju hvíta tjaldsins. Sýnd eru myndskeið sem hafa ekki áður komið fyrir augu almennings og rætt við fólk sem þekkti hana náið.
22.45 60 mínútur
23.35 Mín kæra Klementína (e)
01.10 Dagskrárlok

MÁNUDAGUR 31.ÁGÚST

13.00 Þinn ótrúr (e)
14.45 Á báðum áttum (9:17) (e)
15.35 Spékoppurinn
16.00 Köngulóarmaðurinn
16.20 Sögur úr Andabæ
16.45 Á drekaslóð
17.10 Glæstar vonir
17.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
17.45 Línurnar í lag (e)
18.00 Fréttir
18.05 Nágrannar
18.30 Fyndnar fjölskyldumyndir
19.00 19>20
20.05 Að hætti Sigga Hall (5:12)
20.35 Til atlögu við ofureflið
(Moving The Mountain)
22.00 Gerð myndarinnar Godzilla
(Making of Godzilla)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Þinn ótrúr (e)
00.25 Dagskrárlok

ÞRIÐJUDAGUR 1. SEPTEMBER

13.00 Bramwell (10:10) (e)
13.50 Elskan, ég minnkaði börnin (8:22) (e)
(Honey I Shrunk the Kids)
14.40 Handlaginn heimilisfaðir (10:25) (e)
(Home Improvement)
15.05 Rýnirinn (4:23) (e)
(The Critic)
Nýr teiknimyndaflokkur fyrir fullorðna frá þeim hinum sömu og framleiða þættina um Simpson fjölskylduna.
15.30 Að hætti Sigga Hall (1:12) (e)
16.00 Spegill, spegill
16.25 Bangsímon
16.45 Kolli káti
17.10 Glæstar vonir
17.30 Línurnar í lag (e)
17.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 Nágrannar
18.30 Simpson-fjölskyldan
19.00 19>20
20.05 Bæjarbragur (9:15)
(Townies)
20.35 Handlaginn heimilisfaðir (11:25)
(Home Improvement)
21.05 Grand-hótel (6:8)
(The Grand)
22.00 Mótorsport
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Gerð myndarinnar X-Files
(Making of the X-Files Movie) Fjallað er um gerð bíómyndarinnar um Mulder og Scully.
23.40 Tímalöggan (e)
(Time Cop)
Árið er 2004 og ferðalög um tímann eru daglegt brauð. Slæmur fylgifiskur þessara ferðalaga er að komin er fram ný tegund glæpamanna sem ferðast aftur í tímann og breyta þar því sem þeim hentar. Þeir geta snúið við sögulegum viðburðum, stýrt þróun fjármálamarkaða sér í hag og jafnvel haldið heilu þjóðunum í heljargreipum. Þess vegna var tímaloggan stofnuð til að sjá til þess að enginn færi aftur á bak í tíma.
01.15 Dagskrárlok

sýn

MIÐVIKUDAGUR 26. ÁGÚST

****** Skjáleikur**
17.00 Í Ijósaskiptunum (11:29)
17.30 Gillette sportpakkinn
18.00 Daewoo Mótorsport

18.30 Taumlaus tónlist
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Golfmót í Bandaríkjunum
(PGA US 1998)
20.00 Mannaveiðar (11:26)
(Manhunter)
Óvenjulegur myndaflokkur sem byggður er á sannsögulegum atburðum. Hver þáttur fjallar um tiltekinn glæp, morð eða mannrán, og birt eru viðtöl við þá sem tengjast atburðinum, bæði ódæðismennina og fórnarlömbin eða aðstandendur þeirra.
21.00 Guð skóp konuna...
(And God Created Women)
Rómantísk og gamansöm bíómynd um unga stúlku, Robin Shay, sem er tilbúin að gera ýmislegt til að losna úr fangelsi. Þar með talið að giftast Billy McQuinn. Að komast í hjónaband er ein saga en önnur að venjast því, enda um hagkvæmnisgiftingu að ræða. Billy ræður ekkert við þessa óstýrilátu konu sem er, að hans mati, óútreiknanlegur ærslabelgur.
22.30 Geimfarar (9:21)
23.15 Á glapstigum
Ljósblá kvikmynd. Stranglega bönnuð börnum.
00.45 Í ljósaskiptunum (11:29) (e)
01.10 Dagskrárlok og Skjáleikur

FIMMTUDAGUR 27. ÁGÚST

17.00 Í ljósaskiptunum (12:29)
17.30 Taumlaus tónlist
18.15 Ofurhugar
Kjarkmiklir íþróttakappar sem bregða sér á skíðabretti, sjóskíði, sjóbretti og margt fleira.
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Walker (e)
20.00 Í sjöunda himni (22:22)
(Seventh Heaven)
Fjörlegur myndaflokkur um sjö manna fjölskyldu, foreldra og fimm börn. Eins og við er að búast gengur á ýmsu í heimilishaldinu enda eru krakkarnir að vaxa úr grasi.
21.00 Fyrirheitna landið
(Come See The Paradise)
Jack McGurn er uppreisnargjarn verkalýðssinni sem kemur til Los Angeles árið 1936 og fer að vinna í japönsku kvikmyndahúsi hjá Hiroshi Kawamura. Hann heillast af Lily, sem er dóttir Hiroshi, en þeim er óheimilt að eigast samkvæmt lögum Kalifornía og ákveða því að hlaupast á brott til Seattle.
23.05 Hálandaleikarnir
Sýnt frá aflraunakeppni sem haldin var í Hafnarfirði um síðustu helgi.
23.35 Óráðnar gátur (e)
00.25 Í vígahug (e)
(Fighting Mad)
Tom Hunter er búinn að fá nóg af stórborgarlífinu. Hjónaband hans er líka farið út um þúfur og hann ákveður að snúa aftur heim á búgarð föður síns í Arkansas. Sveitalífið er þó ekki lengur eins og Tom hafði ráðgert og þar er líka skúrka að finna, rétt eins og í stórborginni.
01.50 Í ljósaskiptunum (12:29) (e)
02.15 Dagskrárlok

FÖSTUDAGUR 28. ÁGÚST

17.00 Í ljósaskiptunum (13:29)
17.30 Súkkat
18.25 Heimsfótbolti með Western Union
18.55 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.10 Fótbolti um víða veröld
19.40 Taumlaus tónlist
20.00 Yfirskilvitleg fyrirbæri (7:22)
21.00 Lengstur dagur
(Longest Day)
Ein frægasta stríðsmynd allra tíma með úrvalsleikurum. Maltin gefur fjórar stjörnur en myndin fékk m.a. Óskarsverðlaun fyrir tæknibrellur. Hér er brugðið upp myndum frá einum eftirminnilegasta degi seinni heimsstyrjaldarinnar, 6. júní árið 1944. Bandamenn eru í viðbragðsstöðu og tilbúnir að gera innrás í Normandí, hérað í norðvesturhluta Frakklands sem er hernumið af Þjóðverjum.
23.50 Í ljósaskiptunum (13:29) (e)
00.15 Al Capone
(Capone)
Glæpahundurinn Al Capone hefur verið kvikmyndagerðarmönnum hugleikinn í en þessari mynd er fjallað um uppgangsár bófans. Við vekjum sérstaka athygli á Sylvester Stallone sem hér leikur eitt af sínum fyrstu hlutverkum.
01.55 Dagskrárlok

LAUGARDAGUR 29. ÁGÚST

17.00 Enski boltinn
(FA Collection)
18.15 Star Trek (e)
19.00 Kung fu - Goðsögnin lifir (e)
20.00 Herkúles (14:24)
21.00 Framleiðendurnir
(The Producers)
Klassísk gamanmynd sem fær þrjár og hálfa stjörnu í kvikmyndahandbók Maltins. Stórlaxinn Max Bialystock er á hraðri niðurleið. Áður setti hann upp hvert meistarastykkið af öðru á Broadway en nú vill enginn líta við verkum hans. Einn aðstoðarmanna hans, Leo Bloom, sér þó ráð út úr ógöngunum og í sameiningu hrinda þeir af stað áætlun sem er í senn snargeggjuð og stórsnjöll.
22.25 Box með Bubba
Hnefaleikaþáttur þar sem brugðið verður upp svipmyndum frá sögulegum viðureignum.
23.25 Hlekkir holdsins (e)
(Rock and a Hard Place)
Ljósblá kvikmynd. Stranglega bönn-uð börnum.
01.05 Dagskrárlok

SUNNUDAGUR 30. ÁGÚST

13.00 Íslenski boltinn
Bein útsending frá úrslitaleik Coca-Cola bikarkeppninnar.
16.30 Enski boltinn
Útsending frá leik Newcastle United og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
18.25 Ítalski boltinn
Bein útsending frá leik Juventus og Lazio í ítölsku meistarakeppninni.
20.15 Golfmót í Bandaríkjunum
(PGA US 1998)
21.15 Enginn er fullkominn
(Nobody's Fool)
Paul Newman leikur fullorðinn mann sem hefur átt erfitt uppdráttar í lífinu en reynir nú að snúa við blaðinu.
23.00 Mörkin úr Coca-Cola bikarnum
23.30 Evrópska smekkleysan (4:6)
(Eurotrash)
Einhver óvenjulegasti þáttur sem sýndur er í sjónvarpi. Stjórnendur leita víða fanga og kynna til sögunnar fólk úr ólíklegustu stéttum þjóðfélagsins.
23.55 Okkar eigið heimili
(A Home Of Our Own)
Hugljúf kvikmynd um Frances Lacey og erfitt lífshlaup hennar. Myndin hefst í Los Angeles árið 1962. Frances hefur fyrir sex börnum að sjá og það er ekki auðvelt fyrir launin sem hún fær í verksmiðjunni. Ekki batnar ástandið þegar henni er sagt upp störfum og veröld hennar er við það að hrynja. Hún neitar samt að gefast upp og ákveður að hefja nýtt líf á öðrum slóðum. Frances flytur með fjölskylduna til Hankston í Idaho þar sem bíða hennar ný og ögrandi verkefni.
01.35 Dagskrárlok

MÁNUDAGUR 31. ÁGÚST

17.00 Í ljósaskiptunum (14:29)
17.30 Knattspyrna í Asíu
18.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.45 Taumlaus tónlist
19.45 Hunter (e)
20.35 Stöðin (19:22)
21.00 Ástarraunir
(Go Fish)
Gamansöm mynd um lesbíurnar Kiu, Evy, Max, Elvy og Dariu en lífið hjá þeim er samt ekki alltaf dans á rósum. Þótt níundi áratugurinn sé genginn í garð getur stundum verið erfitt að vera lesbía. Fordómarnir eru enn til staðar og það getur verið erfitt að koma „út úr skápnum".
22.20 Ráðgátur (e)
23.05 Fótbolti um víða veröld
23.30 Í ljósaskiptunum (14:29) (e)
23.55 Dagskrárlok

Háls-, nef- og eyrnalæknir

Háls-, nef- og eyrnalæknir verður með þjónustu á Heilsugæslustöðinni á Ísafirði og sjúkrahúsinu dagana 3.-5. september. Tímapantanir í síma 450 4511 alla virka daga kl. 8-16.

Netfang ritstjórnar
bb@snerpa.is

KAUP & SALA

ÓKEYPIS SMÁAUGLÝSINGAR

Óska eftir vagni undir Sóma 800 bát. Upplýsingar í síma 456 7304 og 853 5474.

Til sölu **Peugeot 309** GLí 91, ekinn 100 þús. km. Staðgreiðsluafsláttur! Upplýsingar í síma 456 4825.

Óska eftir **dagmömmu** til að passa eftir hádegi. Upplýsingar í síma 456 3396.

Furueldhúsborð til sölu. Selst ódýrt. Upplýsingar í síma 456 4108.

Til leigu er nýleg 50 fm. íbúð í efri bænum. Upplýsingar í síma 456 4458, eftir kl. 18.

Til leigu einbýlishúsið að Góuholti 1. Upplýsingar í síma 566 7843.

Til sölu mánaðargamall **Pioneer geislaspilari** í bíl. Upplýsingar í síma 456 3620.

Labradorhvolpar fást gefins. Upplýsingar í síma 456 5176.

Til sölu húseignin Hrunastíg 2, Þingeyri, sem er 164m². Úr húsinu er frábært útsýni. Upplýsingar í síma 456 8309.

Námskeið í ungbarnasundi er að hefjast fyrir byrjendur og lengra komna. Upplýsingar hjá Margréti í síma 456 5082.

Til sölu er **MMC L-300** ´88, gott eintak. Reyklaus bíll. Upplýsingar í síma 456 4041 og 894 3034 á kvöldin.

Skotfélagsmenn! Haglabyssumót verður haldið föstudaginn 28. ágúst kl. 19 í Dagverðardal. 3x25 dúfur. Mótsgjald kr. 1000,-

Til sölu **felgur** undir Volvo 740 með eins árs vetrardekkjum. Upplýsingar í síma 456 8285.

Til sölu **Brio barnakerra** og göngugrind. Vel með farið. Upplýsingar í síma 456 7543.

Til sölu er **Mitsubishi Galant** GLXi. Upplýsingar í síma 456 7317.

Óska eftir sófa og öðru innbúi gefins eða fyrir lítinn pening. Upplýsingar í síma 456 7317.

Til sölu **húseignin Tangagata 6** Ísafirði. Upplýsingar í síma 456 4403, Halldór.

Heimbíómagnari til sölu, 2x450w + 2 hátalarar, 180w. Upplýsingar í síma 456 4562.

Til sölu er **MMC Lancer** station, 4x4, ´91, ekinn 132 þús. km. Verð kr. 630 þús. Upplýsingar í síma 588 4632.

Til sölu **Hyundai Accent** ´96, ekinn 36 þús. km. Góður bíll. Upplýsingar í síma 456 7160.

Til leigu er 3 herbergja íbúð að Stórholti 13, Ísafirði. Upplýsingar í síma 894 1836 eða 893 7723, Hafþór.

Óska eftir skellinöðru í góðu ástandi, u.þ.b. 70cc, á vest-fjörðum. Upplýsingar í síma 456 7482.

Óska eftir 350 vél eða stærri, má vera biluð. Upplýsingar í síma 456 4280.

Til sölu **borðstofuborð** fyrir lítinn pening. Upplýsingar í síma 456 7393.

Herbal life! Komdu eða hringdu og fáðu nánari uppl. Sjálfstæður dreifingaraðili, Kristín í síma 456 7393 og 861 6414.

Au pair! Íslensk fjölskylda í Asker (Oslo) óskar eftir Au pair sem fyrst. Upplýsingar í síma 551 0309, Ágnes, eða 0047 90060144, Haukur og Guðrún.

Til sölu ónotaður **bílskúrshurðaropnari.** Upplýsingar í síma 894 6125 eða 456 5222.

Strákur á 18. ári óskar eftir vinnu með skóla. Allt kemur til greina. Upplýsingar í síma 456 3030.

Átta mánaða **íslensk tík** til sölu. Einnig Coleman fellihýsi ´98. Upplýsingar í síma 456 8238, eftir kl. 17.

Græn **Brio barnakerra** með skermi og svuntu til sölu. Upplýsingar í síma 456 3852.

3ja herb. íbúð með húsgögnum í lyftuhúsi í Kópavogi til leigu frá okt. til maí. Aðeins fyrir reglusama. Upplýsingar í síma 456 7808, eða 899 1865.

Aukakílóin í burt. Sjálfst. dreifingaraðili fyrir Herbalife. Upplýsingar í síma 456 7885.

Ljónsbikarinn! verður helgina 29. og 30. ágúst kl. 9 báða dagana. Leiknar verða 36 holur með gán forgjafar. Þátttökugj. kr. 1000,-. Skráning í golfskála, eða hjá Mótanefnd fyrir kl. 19 föstud. 28. ágúst. Mótanefnd GÍ.

Til sölu! Subaru Justy ´85, 4x4. Er vel gangfær en þarfnast smá aðhalds. Tilboð óskast. Upplýsingar í síma 456 5455, e.kl. 17.

FRUMMYND - VÍDEÓHÖLLIN
við Norðurveg, sími 456 4853
Opið mánudaga - föstudaga
frá kl. 13:00-23:30,
laugardaga kl. 11:00-23:30
og sunnudaga kl. 14:00-23:30

Nýir diskar
Lhooq, Grease, Live 4 ever, Þetta er R&B, Fresh Hits 98, John Forté, Fastball, Hanne Boel, Ringo Star, Bandalög 8, Now that´s what I call music 39, Pottþétt 12

Nýjar myndir!



Amistad
Barátta fyrir réttlætinu.
Leikstjóri: Steven Spielberg

As Good As It Gets
Verið viðbúin. Hér kemur Melvin.
Leikarar: Jack Nicholson, Helen Hunt, Greg Kinnear

Leigjum út
Playstation tölvur, Playstation leiki, karaoke, sjónvörp og videó.

Persónuleg þjónusta!

SÖLUAÐILI GERVIHNATTA-BÚNAÐAR FRUM-MYND VIÐ NORÐURVEG SÍMI 456 4853

Lotto

Horfur á fimmtudag:
SA strekkingur, rigning og hiti 10 til 15 stig, mildast norðaustanlands.

Horfur á föstudag og laugardag:
Fremur hæg suðlæg átt og skúrir. Hiti 10 til 15 stig.

Horfur á sunnudag og mánudag:
Suðlæg átt, vætusamt og hlýtt.

Íþróttir

Hálfdán kominn á skrið

Markakóngurinn Hálfdán Gíslason úr Bolungarvík, sem fluttist suður á Akranes í vetur og fór á samning hjá ÍA, hefur ekki spilað mikið með liðinu ennþá. Um síðustu helgi kom hann þó inn á sem varamaður í seinni hálfleik og stóð sig prýðilega, en þá sigraði ÍA lið Grindavíkur 3-0 eftir miklar ófarir í næstu leikjum á undan. Að sögn Sturlaugs Haraldssonar, eins af fastamönnum ÍA, er Hálfdán bráðefnilegur og eldfljótur og á mikið inni, enda ungur að árum. Þess er að vænta, ef meiðsli gera ekki strik í reikninginn, að á næsta ári verði hann fastamaður í liðinu.

Ísfirðingarnir sigruðu

Keppni golfklúbbanna á Vestfjörðum fór fram á Tungudalsvelli sl. laugardag. Í keppni án forgjafar sigraði A-sveit Golfklúbbs Ísafjarðar, en hana skipuðu Auðunn Einarsson, Kristján Kristjánsson, Björn Helgason og Tryggvi Guðmundsson. Í öðru sæti varð sveit Golfklúbbs Hólmavíkur og í þriðja sæti B-sveit Golfklúbbs Ísafjarðar.

Með forgjöf sigraði C-sveit GÍ, en hana skipuðu Grétar Schmidt, Einar Karlsson, Tryggvi Sigtryggsson og Magnús Gíslason. Í öðru sæti varð C-sveit Golfklúbbs Bolungarvíkur og í þriðja sæti B-sveit Golfklúbbs Ísafjarðar.

BÍLATANGI
Ísafirði
Símar 456 3800 og 456 4580

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

BÍLATANGI
Ísafirði
Símar 456 3800 og 456 4580

Tvö kraftaverk sama kvöldið á Ísafirði

„Hugsaði um allt lífið á þessum fáu sekúndum“

– segir Páll Kristjánsson, sem féll ásamt vinnufélaga sínum um átta metra þegar körfubíll valt

– Þorsteinn læknir saumaði á hann fingur sem klipptist af og Páll var kominn með tilfinningu í hann strax á þriðja degi

„Það er óskiljanlegt að það skuli vera hægt að sleppa lifandi úr þessu. Þetta er kraftaverk“, sagði Páll Kristjánsson húsasmíðameistari á Ísafirði í samtali við blaðið, en hann og annar maður féllu um átta metra þegar körfubíll sem þeir voru að vinna með við Landsbankann á Ísafirði valt á hliðina á föstudagskvöldið. „Og svo gerðist annað kraftaverk þegar ég var kominn á sjúkrahúsið. Litlifingur á hægri hendi varð á milli körfunnar og gálgans í fallinu og má segja að hann hafi klippst af, hann hékk bara á einhverjum skinntægjum. En ég var svo heppinn að fyrirhitta snilling á sjúkrahúsinu, Þorstein Jóhannesson yfirlækni, sem setti fingurinn aftur á sinn stað og tengdi allt saman, æðar og sinar og taugar, og ég er meira að segja strax kominn með tilfinningu í fingurinn. Þorsteinn læknir vann þetta verk með dyggilegri aðstoð eiginkonu sinnar, Friðnýjar Jóhannesdóttur yfirlæknis á Heilsugæslunni, og fleira góðs fólks á spítalanum. Ég tel það kraftaverk að þetta skuli vera hægt.“

Páll fékk líka höfuðhögg, en það var fremur smávægilegt, að hans sögn. „Svo fékk ég töluvert högg neðan til á spjaldhrygginn, en sem betur fer er það bara mar sem er að ganga út núna með tilheyrandi kvölum. Sem betur fer meiddist ég ekki annað en þetta“, sagði Páll.

– Manstu hvað þú hugsaðir á leiðinni niður?

„Þennan tíma sem við vorum að fara niður, þessar fáu sekúndur, þá finnst mér að ég hafi eiginlega hugsað um allt lífið. Áður en karfan skall til jarðar hugsaði ég með sjálfum mér að það væri útilokað að maður lifði þetta af. En svo lendum við á þeim eina stað þar sem var mjúkt undir. Það bjargaði örugglega lífi okkar að grasflötin gaf svo vel eftir.“

Vinnufélagi Páls var Einar Stefán Einarsson, múrari úr Reykjavík sem vinnur við viðgerðir á húseignum Landsbanka Íslands. Hann rifbeinsbrotnaði og tognaði í hné og kom vökvi inn á liðinn.

Þeir félagar voru í körfunni í um átta metra hæð og voru að undirbúa viðgerð á steyptum þakrennum á húsinu.

„Höggið var svo mikið þegar við lentum, að ég var svo viðkvæmur í iljunum fyrsta daginn á eftir að ég gat ekki gengið“, sagði Páll. „Þetta átti ekki að geta gerst, en Vinnueftirlitið er með málið til rannsóknar. Það verður tekið til við þetta verk á ný strax og heilsan leyfir og haldið áfram við það.“

Páll Kristjánsson hefur um árabil verið með rekstur körfubíls á Ísafirði og var búinn að vera með þennan bíl milli tvö og þrjú ár, en áður var hann með minni bíl.

Reiknað var með að þeir félagar fengju að fara heim af sjúkrahúsinu í gær eða í dag.

Körfubíll Páls Kristjánssonar á hliðinni í Hafnarstrætinu við Landsbanka Íslands á Ísafirði rétt eftir slysið.

Þorsteinn Jóhannesson yfirlæknir á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði. „Hann gerði kraftaverk“, segir Páll Kristjánsson, sem var strax eftir tvo daga farinn að fá tilfinningu í fingurinn sem Þorsteinn saumaði á hann.

Einar Stefán Einarsson og Páll Kristjánsson á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði á mánudaginn.

Sjúkraflutningamenn og lögregla undirbúa flutning hinna slösuðu á sjúkrahús. Eins og sjá má hefðu þeir ekki getað lent á betri stað en mjúkri grasflötinni. Naumast hefði þurft um að binda ef þeir hefðu lent á steingirðingunni eða á götunni eða planinu fyrir framan bankann.

Haust-vörurnar hrúgast enn inn!
vestur sport
Sími: 456 3602

DAEWOO
SAMSUNG
COBY
SONY
ATV
AIWA
PANASONIC
Frum-mynd Vídeóhöllin
Við Norðurveg • Sími: 456 4853

1978-1998
Út í heim...
...út í SÓL
Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskrifstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390

30% afslátturr
af öllum
Salvador Dali ilmvötnum
Opið alla virka daga
kl. 13:00 - 18:00
Snyrtihús Sóleyjar
Hafnarstræti 9 • Ísafirði
Sími: 456 5280

Samhangandi tölvupappír af
öllum stærðum og gerðum
Vandaður pappír
eykur endingu vélbúnaðar!
H-PRENT ER SÖLUAÐILI Á VÖRUNUM FRÁ ODDI